

**Hönnunarmiðstöð Íslands**

**Framvinduskýrsla ársins 2009**  
**Aðgerða- og fjárhagsáætlun ársins 2010**

2009-2010



## Efnisyfirlit

### Hönnunarmiðstöð Íslands 2009

Hlutverk Hönnunarmiðstöðvar	3
Árið 2009	4
Rekstur Hönnunarmiðstöðvar	6
Starfsmannamál	6
Húsnæðismál	7
Föst verkefni 2009	8
Verkefni 2009	11
HönnunarMars	18

### Verkefnaáætlun 2010

Yfirlitsmynd yfir verkefni 2009-2010	21
--------------------------------------	----

### Fjármál

Uppgjör 2009 og áætlun 2010	26
-----------------------------	----

### Fylgiskjöl 1 - 5

1. Skipurit Hönnunarmiðstöðvar	29
2. Fréttabréf 2009	30
3. Stefna Hönnunarmiðstöðvar 2010	33
4. Útflutningsstarfsmaður	34
5. Kynningarefni HönnunarMars	36
6. Drög að dagskrá HönnunarMars	37
7. Ferðalag sýningarinnar	38

Frekari upplýsingar veitir:

Halla Helgadóttir | halla@honnunarmidstod.is

Sérstakar þakkir: Kristín Gunnarsdóttir, Þórey Viljhálmisdóttir,  
Greipur Gíslason, Gréta Hlöðversdóttir, stjórn Hönnunarmiðstöðvar,  
Kristín Anna Hjálmarsdóttir og Anna Sigríður Guðmundsdóttir.





## Hönnun er auðlind

sem mikilvægt er að nýta nú þegar íslenskt atvinnulíf stendur á krossgötum nýrra leiða og tækifæra. Hönnun snertir öll svið samfélagsins hvort sem um er að ræða þróun samfélagsins sjálfs, þróun efnahagslífsins, þróun hugmynda, verkefna, vöru, þjónustu, ferla eða viðburða. Hönnun á erindi inn í fyrirtæki, stofnanir, heimili og ekki síður í stjórnsýslu og stjórnmal. Með því að virkja þekkingu og aðferðafræði hönnuða getum við haft afar jákvæð áhrif á það hvernig þjóðfélagið þróast og hver lífsgæði okkar verða í framtíðinni.

Skapandi greinar er sá vettvangur sem flestar þjóðir horfa á sem helsta vaxtrarbrodd næsta áratugar. Þessar þjóðir leggja megináherslu á hönnun og telja góða hönnun eitt sterkasta vopnið í harðnandi samkeppni. Rannsóknir staðfesta að hönnun er sá þáttur sem skilar mestri arðsemi enda er kostnaður við hönnun hlutfallslega lítill í samanburði við aðra framleiðsluþætti.

Á Íslandi starfa um 1500 vel menntaðir hönnuðir og arkitektar, sem hafa stundað nám bæði hér og erlendis. Það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag að nýta þekkingu, menntun og hæfileika þessa fólks okkur til framdráttar. Hönnun tengist allri atvinnustarfsemi, svo sem byggingariðnaði, framleiðslu- og sjávarútvegi, ferðamanna- og matvæla- og þjónustu og þekkingariðnaði. Hönnun nýtist ekki aðeins innlendri framleiðslu heldur er einnig hægt að flytja hana út í formi vöru og hugvits.

## Hönnunarmiðstöð Íslands

er kynningar- og upplýsingarmiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Meginhlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenskri hönnun fyrir þjóðfélagið allt. Hönnunarmiðstöð stuðlar að framgangi íslenskra hönnuða erlendis, enda eru þar stór tækifæri fyrir íslenska hönnun og framleiðsluvörur.

## Verkefni Hönnunarmiðstöðvar

- Kynning**
  - Kynningarmiðstöð hönnunar og arkitektúrs á Íslandi
  - Vekur athygli á framúrskarandi íslenskri hönnun erlendis
  - Rekur öflugan vef á íslensku og ensku um íslenska hönnun og arkitektúr
  - Stuðlar að faglegri umfjöllun um hönnun og arkitektúr
  - Greiðir fyrir markaðssetningu og útflutningi íslenskrar hönnunar
- Ráðgjöf**
  - Mótar hönnunarstefnu með stjórnvöldum
  - Veitir hönnuðum ráðgjöf um vöruþróun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning
  - Styður sprota- og frumkvöðlafyrirtæki, með takmarkað fjármagn og þekkingu til að koma sér áfram
  - Veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hönnunartengd verkefni.
- Nýsköpun**
  - Leiðir hönnuði og fyrirtæki saman í nýsköpunar- og vöruþróunarverkefnum
  - Vinnur að því að auka fjármagn til þróunar hönnunarfyrirtækja
- Samstarf**
  - Myndar tengsl á milli greina og hvetur til samstarfs og umræðu
  - Stuðlar að auknum mælingum og rannsóknarvinnu varðandi umfang og vöxt hönnunargeirans
  - Ýtir undir fræðslu í markaðsmálum, verkefnastjórnun og framleiðslu
  - Heldur utan um og hýsir ýmis verkefni sem varða hönnun og arkitektúr
- Viðburðir**
  - Stendur fyrir fyrirlesturum, sýningum, ráðstefnum og HönnunarMars



## Hönnunarmiðstöð Íslands 2009



Árið 2009 hefur um margt verið merkilegt fyrir íslenska hönnun. Hún hefur náð að blómstra á mörgum sviðum þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. Á öðrum sviðum hefur róðurinn verið erfiðari. Arkitektar hafa lent einna verst í efnahagslægðinni og þó nokkur samdráttur er hjá grafískum hönnuðum. Á Íslandi hefur athyglin beinist meira inn á við og þar með að íslenskri hönnun, hugviti og framleiðslu. Íslensk hönnun er orðin verulega áberandi, eftirsótt og nokkuð mikið um hana fjallað í fjölmiðlum, þótt umfjöllunin mætti á stundum vera faglegri. Ég er sannfærð um að þegar fram líða stundir eigum við Íslendingar eftir að njóta þessarar uppbyggingar innan hönnunar í þjóðfélagslegum og efnahagslegum ávinningi. Til að svo megi verða þarf að hlúa vel að þessari atvinnugrein. Jarðvegurinn er mjög frjór núna og hlutfallslega litlar fjárfestingar geta skilað mjög miklum ávinningi. Uppbyggingin hefur verið sérlega áberandi innan fata- og vöruhönnunar sem eru ungar greinar á Íslandi. Það er mjög mikilvægt að hugsa til framtíðar og varðveita og nýta þekkingu hönnuða og arkitekta í þágu uppbyggingar á Íslandi. Faglegum vinnubrögðum héraðs hefur um margt verið ábótavant. Þar er hægt að nýta þekkingu og nálgun þessara hópa til að bæta verulega úr og nálgast margvísleg verkefni sem eru fyrirliggjandi hér á Íslandi með mun markvissari og árangursríkari hætti.

Hönnun er auðlind sem mikilvægt er að nýta nú þegar íslenskt atvinnulíf stendur á krossgötum. Hönnun snertir þróun á öllum sviðum samfélagsins hvort sem um er að ræða þróun samfélagsins sjálfs, efnahagslífsins, hugmynda, verkefna, vöru, þjónustu, ferla eða viðburða. Hönnun á erindi inn í fyrirtæki, stofnanir, heimili og ekki síður í stjórnýslu og stjórnámálum. Með því að virkja þekkingu og aðferðafræði hönnuða getum við haft afar jákvæð áhrif á það hvernig þjóðfélagið þróast og hver lífsgæði okkar verða í framtíðinni. Skapandi greinar er sá vettvangur sem margar þjóðir horfa til sem helsta vaxtarbrodds næsta áratugar. Megináherslan er góð hönnun og hún talin eitt sterkasta vopnið í harðnandi samkeppni. Rannsóknir staðfesta að hönnun er sá þáttur sem skilar einna mestri arðsemi enda er kostnaður við hönnun hlutfallslega lítill í samanburði við aðra framleiðsluþætti.

Á Íslandi starfa um 2000 vel menntaðir hönnuðir og arkitektar, sem hafa stundað nám bæði hér og erlendis. Það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag að nýta þekkingu, menntun og hæfileika þessa fólks okkur til framdráttar. Hönnun tengist allri atvinnustarfsemi, svo sem byggingariðnaði, framleiðsluðnaði, sjávarútvegi, ferðamannaíðnaði, matvælaíðnaði, þjónustu og þekkingariðnaði. Hönnun nýtist ekki aðeins innlendri framleiðslu heldur er einnig hægt að flytja hana út í formi vöru og hugvits. Gríðarlegur áhugi er á íslenskri hönnun, jafnt erlendis sem á Íslandi og fer vaxandi. Fjöldi nýrra hönnunarfyrirtækja hefur sprottið upp og mikil þörf á stuðningi við þessi grasrótar- og sprotafyrirtæki. Þarna er hægt að stuðla að mikilli uppbyggingu og ekki endilega með svo miklum tilkostnaði.


Annað starfsár Hönnunarmiðstöðvar var mjög viðburðaríkt. Miðstöðin festi sig vel í sessi og mörgum nýjum verkefnum var hrint í framkvæmd. Eftirspurn eftir ráðgjöf og þjónustu miðstöðvarinnar jókst og ljóst að hönnuðir, arkitektar, fyrirtæki og stofnanir hafa almennt áttað sig á gagnsemi og þjónustu Hönnunarmiðstöðvar. Hönnunarmiðstöð hefur stofnað til þó nokkurra tengsla á erlendri grundu og miklar væntingar eru bundnar við erlend samstarfsverkefni á næsta ári. Enda hefur áhugi erlendis frá á íslenskri hönnun aukist áþreifanlega og þaðan berast ýmsar fyrirspurnir og beiðnir um samstarf. Þjónusta við erlenda fjölmiðla hefur einnig aukist til muna. Í ljósi efnahagsástandsins og er afar mikilvægt að byggja upp erlent tengslanet sem nýtist hönnuðum og arkitektum sem allra best.



Hér eru talin upp nokkur dæmi um frábæran árangur íslenskra hönnuða og arkitekta á árinu 2009.

- Fyrsti **HönnunarMars** 2009 tókst með eindæmum vel og endurspeglaði vel hversu mikið er að gerast í hönnun á Íslandi. HönnunarMars hefur vakið mikla athygli bæði hér á landi og erlendis.
- **Katrín Ólína Pétursdóttir**, hönnuður hlaut hin norrænu Forum AID verðlaun í flokki innanhússhönnunar í Stokkhólmi í febrúar fyrir hönnun sína á Cristal Bar í Hong Kong. Mjög ánægjulegt var að sjá hversu margir íslenskir hönnuðir voru tilnefndir til verðlauna Forum AID að þessu sinni og í öllum þeim fjórum flokkum sem verðlaunað er fyrir. Í flokknum Besti arkitektúr 2008 voru Kurtogpí Arkitektar, PK Arkitektar og KRADS Arkitektar tilnefndir. Katrín Ólína var auk þess tilnefnd í flokki vöruhönnunar fyrir verk sitt Mestibekkur. Sruli Recht var einnig tilnefndur í flokki vöruhönnunar og Friðgerður Guðmundsdóttir var tilnefnd í flokki nema fyrir verk sitt Stuðla.
- Á Listahátíð í maí opnaði sýningin **Íslensk samtímahönnun** sem vakti mikla athygli. Stórglæsileg bók byggð á sýningunni kom út í október um leið og sýningin opnaði á Akureyri.
- **Steinunn Sigurðardóttir**, fatahönnuður var valin borgarlistamaður Reykjavíkur 2009. Einkasýning hennar opnaði á Kjarvalsstöðum í nóvember, sú stærsta sem haldin hefur verið á verkum íslensks hönnuðar.
- Einkasýning á verkum **Högnu Sigurðardóttur** arkitekts opnaði einnig á Kjarvalsstöðum í nóvember.
- Árangur margra nýrra fatahönnunarfyritækja er eftirtektarverður svo sem **Andersen&Lauth** sem Frumtak fjárfesti í á árinu, **Nikita**, **Kron by Kronkron**, **Farmers Market**, **Aftur**, **Fabelhaft**, **E-label**, **Emami** og svo má lengi telja.
- Vörumerkið **Heima** er áhugaverður vaxtarbroddur sem spennandi verður að fylgjast með og var styrkt úr Tækniþróunarsjóði - gagnagrunnur.
- Vel á þriðja þúsund eintaka af stólum Bessa eftir íslenska hönnuðinn **Erlu Sólveigu Óskarsdóttur** voru valdir í ráðstefnusal Bella Center í Kaupmannahöfn þar sem loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna fór fram í desember.
- Fjórir ungir íslenskir fatahönnuðir, **Bóas**, **Eygló**, **Mundi** og **Rebekka**, tóku þátt í NICE verkefninu sem tengdist umhverfisráðstefnunni.
- Grafíski hönnuðurinn **Siggi Eggerts** var verðlaunaður af Art Directors Club, New York sem einn efnilegasti grafíski hönnuður heims.
- **Hönnunarsjóður Aurora** var stofnaður og veitti 20 milljónum króna í verkefni hönnuða.
- Gefið var út vandað rit á íslensku og ensku um verk arkitektsins **Manfreðs Vilhjálmssonar**.
- **Gunnar Gunnarsson** sjóntækjafræðingur og hönnuður hlaut evrópsku Red Dot Design verðlaunin fyrir hönnun og þróun gleraugnaumgjarða sem framleiddar eru undir merki Reykjavík Eyes.
- Mikil og áberandi umfjöllun hefur verið víða í erlendum blöðum, tímaritum og blogg síðum um íslenska hönnun og má m.a. nefna mjög fína umfjöllun um íslenska fatahönnun í Time Magazine í október.

Halla Helgadóttir







## Rekstur Hönnunarmiðstöðvar

Starfsemi Hönnunarmiðstöðvar einkenndist af krafti og áræðni og reksturinn gekk mjög vel árið 2009.



Eigendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands og fulltrúar þeirra í stjórn eru

1. Arkitektafélag Íslands, Dennis Davíð Jóhannesson
2. Fatahönnunarfélag Íslands, Gunnar Hilmarsson
3. Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Hallgrímur Friðgeirsson
4. Félag íslenskra gullsmiða, Reynir Már Ásgeirsson
5. Félag íslenskra landslagsarkitekta, Dagný Bjarnadóttir
6. Félag íslenskra teiknara, Haukur Már Hauksson
7. Félag vöru- og iðnhönnuða, Egill Egilsson
8. Leirlistafélag Íslands, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir
9. Textílfélagið, Rósa Helgadóttir

### Stjórn

Á aðalfundi í maí var stjórnun Hönnunarmiðstöðvar breytt og framkvæmdastjórn lögð niður. Síðan þá hefur níu manna stjórn hist mánaðarlega og ábyrgð formanns var aukin. Formaður stjórnar er Gunnar Hilmarsson og varaformaður, Hallgrímur Friðgeirsson. [Nýtt skipurit, sjá fylgiskjal 1, bls. 29.](#)

### Helstu samstarfsaðilar Hönnunarmiðstöðvar

- Iðnaðarráðuneytið
- Menntamálaráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Útflutningsráð
- Samtök iðnaðarins
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Reykjavíkurborg | Höfuðborgarstofa
- Akureyrarbær
- Listaháskóli Íslands
- Háskólinn á Bifröst
- Klak | Háskólinn í Reykjavík
- Innovit | nýsköpunar og frumkvöðlasetur
- Keilir | Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
- Hönnunarsafn Íslands
- Listahátíð í Reykjavík
- Listasafn Reykjavíkur
- Listasafn Íslands
- Listasafnið á Akureyri
- SÍM | Samband íslenskra myndlistarmanna
- Atvinnuþróunarsjóður Vestfjarða
- Félag viðskipta og hagfræðinga

## Starfsmannamál

[Halla Helgadóttir](#) framkvæmdastjóri fór í fæðingarorlof 1. desember 2008. [Þórey Vilhjálmsdóttir](#), tók tímabundið við framkvæmdastjórastarfinu og starfaði til 1. október 2009. Halla kom aftur til starfa 1. september en hún sat stjórnarfundum í fæðingarorlofi og fylgdist með framvindu mála. Lögð var mikil vinna í að



afla fjár til að setja af stað þriggja ára átaksverkefni til útflutnings og markaðssetningar íslenskrar hönnunar og arkitektúrs erlendis. Hugmyndin var að ráða Þóreyju í það starf og nýta þannig þekkingu og reynslu hennar af þeim málum, ásamt reynslu af því að stýra Hönnunarmiðstöð í tæpt ár. Því miður tókst ekki að fjármagna þetta brýna verkefni. **Kristín Gunnarsdóttir** er í fullu starfi í Hönnunarmiðstöð sem verkefnastjóri, en hún sér alfarið um vefmálin auk fjölda annarra verkefna. **Greipur Gíslason** var ráðinn verkefnastjóri Hönnunarmars frá 15. janúar – 15. apríl 2009. Hann kom aftur til starfa sem verkefnastjóri Hönnunarmars 2010 fyrst í hálfu starf frá 1. nóvember en síðan fullt starf frá 1. janúar – 1. apríl 2010. Frá 1. nóvember 2009 hefur **Gréta Hlöðversdóttir** unnið að skipulagningu ferðalags sýningarinnar Íslensk samtímahönnun.

### Verkefnastjórar

Verkefni Hönnunarmiðstöðvar eru mörg og mjög fjölbreytileg. Tveir starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar ná varla að anna þeirri grunnþjónustu sem skilgreind er í samstarfssamningi Hönnunarmiðstöðvar. Til að tryggja nauðsynlegan vöxt, árangur og gæði einstakra verkefna þá er mjög mikilvægt að Hönnunarmiðstöð geti ráðið til sín verkefnastjóra í ýmis sérverkefni og brýnt að tryggja fjármagn til þess. Einnig er mikilvægt að ýmsir samstarfsaðilar, sérstaklega stjórnvísla og stofnanir sjái sér hag í og nýti sér möguleikann á að láta Hönnunarmiðstöð hýsa tímabundin verkefni sem varða hönnun og arkitektúr. Markmiðið er að þjálfa upp hóp verkefnastjóra á ólíkum sviðum sem hægt væri að kalla til í ýmis tilfallandi verkefni. Þetta er afar hagkvæm og góð leið því með þessu móti mun safnast upp verðmæt þekking og reynsla innan hönnunargeirans sem mun geta nýst víða í ólíkum verkefnum. Og með þessu móti er hægt að auka umsvif Hönnunarmiðstöðvar án þess að hækka rekstrarkostnað.

### Húsnæðismál

Í nóvember 2008 var haft samband við iðnaðar-ráðuneytið sem hafði milligöngu um að Hönnunarmiðstöð fengi leigt hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands húsnæði í Austurstræti 16. Húsnæðið hentaði Hönnunarmiðstöð ágætlega en leigusamningur rann út þann 1. september 2009. Í ágúst náðust samningar aftur við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að Hönnunarmiðstöð fengi til umráða bakhús að Vonarstræti 4b, sem er í eigu Íslandsbanka. Hönnunarmiðstöð flutti þar inn 17. september og leigir út kjallarann til Hönnunarsjóðs Auroru og Kraums tónlistarsjóðs. Húsnæðið hentar vel en þar er gott fundarherbergi og ágætis aðstaða. 20. nóvember var haldið innflutningspartý sem tókst með ágætum. Áberandi var mikil ánægja hönnuða og arkitekta með að loks er Hönnunarmiðstöð komin í húsnæði sem uppfyllir a.m.k. hluta af þörfum hennar.

### Varanleg lausn í húsnæðismálum

Við lítum svo á að húsnæðið í Vonarstræti 4b muni duga ágætlega í bili. Stefnt er að því að fá Reykjavíkurborg til liðs við Hönnunarmiðstöð til að tryggja miðstöðinni varanlegt húsnæði í miðborg Reykjavíkur.





## Föst verkefni Hönnunarmiðstöðvar

Föst verkefni Hönnunarmiðstöðvar eru verkefni sem stöðugt eru í gangi allt árið og breytast ekki mikið milli ára, þó umfang þeirra breytist milli ára.

Föst verkefni eru:

- Fyrirspurnir frá og samvinna við hönnuði
- Fyrirspurnir frá og samvinna við fyrirtæki og stofnanir
- Móttaka erlendra blaðamanna
- Rekstur vefsíðu á íslensku og ensku
- Póstlistar og fréttabréf
- Söfnun myndefnis frá hönnuðum
- Kynningarstarf
- Sjónlistaverðlaun
- Korpúlfsstaðir
- Myndstef
- Mælingar

### Fyrirspurnir frá og samvinna við hönnuði

Starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar hafa fundið fyrir jafnri og þéttari aukningu á fyrirspurnum frá hönnuðum um ýmis hagsmunamál, útflutning, framleiðslu, markaðssetningu, erlendar sýningar, samstarfsaðila, styrki og fleira. Tekið er við einum eða fleiri einstaklingum og hópum í ráðgjöf í hverri viku. Þessu verkefni er sinnt eins og kostur er en það er augljóst að efla þarf stuðning við grasrótastarf hönnuða mun betur.

### Fyrirspurnir frá og samvinna við fyrirtæki og stofnanir

Hönnunarmiðstöð fær margar fyrirspurnir frá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, sem vinna með eða hafa áhuga á samstarfi við hönnuði. Miðstöðin hefur milligöngu og veitir ráðgjöf um samstarf við hönnuði á ýmsum sviðum.

### Móttaka erlendra blaðamanna

Erlendir blaðamenn leita mikið til Hönnunarmiðstöðvar. Margir þeirra komu í tengslum við Hönnunarmars, aðrir höfðu samband beint og einhverjir komu fyrir milligöngu Ferðamálastofu eða Höfuðborgarstofu. Það má áætla að um 40 blaðamenn hafi heimsótt miðstöðina á árinu 2009 og þeir kynntir fyrir íslenskri hönnun og arkitektúr. Þeir voru meðal annars frá ForumAid, Damn Magazine, Guardian, Design Week, Dezeen.com, Scandinavian Style, Surface, Architektur & Wohnen, Time Magazine o.fl.

### Póstlistar og fréttabréf

Hönnunarmiðstöð er með mjög virkan póstlista. Á honum eru 900 manns frá aðildarfögum, 1100 á almennum póstlista, um 90 manns á stjórnslutilista og um 80 á blaðamannalista. Samtals fá um 2170 manns reglulega sendar upplýsingar. Auk þessa eigum við 600







Facebook vini. Fréttabréf eru send út einu sinni í mánuði, en auk þess hafa verið sendar um 50 fréttatilkyrningar um ýmsa viðburði og málefni á árinu. Sjá öll fréttabréf ársins í fylgiskjali 2, bls. 30–33.

### Myndefni frá hönnuðum

Markvisst hefur verið unnið að því að safna saman myndefni frá íslenskum hönnuðum til að nota í kynningarstarfi héraendis og erlendis. Þess er gætt að alltaf séu í gagnagrunninum nýjustu verk íslenskra hönnuða. Í grunninum eru nú rúmlega 1000 myndir.



### Vefsíða | honnunarmidstod.is | icelanddesign.is


Vefsíða Hönnunarmiðstöðvar var endurhönnuð á árinu og hún flutt yfir í nýjan vefgrunn Disil. Á sama tíma var útbúin ensk heimasíða. Nýja síðan var opnuð í febrúar en breytingin á síðunni hefur mælst mjög vel fyrir á meðal notenda. Síðan er í stöðugri þróun og nú er verið að vinna í að bæta inn upplýsingum um okkar helstu hönnuði, hvoru tveggja á íslensku og ensku. Vefsíðan er mjög lifandi og nýjar fréttir eru settar inn daglega. Um 150 hönnuðir og arkitektar eiga skráða hönnunarþjónustu á síðunni og fer ört fjölgandi enda er heimasíða Hönnunarmiðstöðvar mjög mikilvægur gagnagrunnur í hönnunarsamfélaginu.

Heimsóknnum á síðuna hefur fjölgað verulega á árinu sbr. upplýsingar frá google.com\_analytics.

Vegna flutnings á vefnum milli vefkerfa í febrúar eru samanburðarhæfar tölur ekki fyrirleggjandi.

- Meðaltal á mánuði árið 2008: gestir 1889 og heimsóknir 3186
- Nóvembermánuður árið 2009: gestir 3137 og heimsóknir 4955
- Þetta er um 40% aukning gesta á mánuði og 35% aukning heimsókna á mánuði ef miðað er við viðmiðunarmánuðinn nóvember 2009.

Ætla má að aukningin sé meiri en tölur benda til þar sem heimsóknir í tengslum við HönnunarMars 2009 og aðra stóra viðburði hafa að öllum líkindum verið mun fleiri en heimsóknir í nóvember 2009 því enginn stór viðburður var í gangi þann mánuðinn.



### Kynningarstarf

Á árinu hefur orðið áberandi aukning í umfjöllun og sem sýnir vaxandi áhuga íslenskra fjölmiðla á íslenskrari hönnun, sem að hluta má rekja til starfs Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Einnig hefur vitund um hönnun og mikilvægi hennar aukist ekki síst hjá fjölmiðlum sem nú eru mun opnari fyrir þessum málum. Starfsfólk Hönnunarmiðstöðvar á regluleg samskipti við alla helstu fjölmiðla á Íslandi varðandi ýmis verkefni miðstöðvarinnar. Einnig hafa starfsmenn farið í mörg viðtöl við innlenda og erlenda fjölmiðla og þannig vakið athygli



á starfseminni. Til eru upplýsingar um að Hönnunarmiðstöð Íslands og verkefni hennar hafa verið í fréttum um 60 sinnum á árinu 2009, en ekki hefur verið farið í það að kaupa upplýsingar þar að lútandi. Haldnar hafa verið kynningar um íslenska hönnun, arkitektúr og Hönnunarmiðstöðina sjálfa fyrir ýmsa hópa. Meðal annars hefur verið tekið á móti námsmönnum, fræðimönnum, fólki úr stjórnsýslu, frá fyrirtækjum o.s.frv.

### Sjónlistarverðlaun

Hönnunarmiðstöð tók við af Form Ísland í stjórn Sjónlistarverðlaunanna og skipar þar tvo fulltrúa í dómnefnd. Vegna efnahagsástandsins í þjóðfélaginu er fjármögnun sjónlistaverðlaunanna í uppnámi og þess vegna var því miður ákveðið að veita ekki sjónlistaverðlaunin 2009. Vonir eru bundnar við það það verði hægt aftur árið 2010.

### Korpúfsstaðir



Hönnunarmiðstöð á tvo af fimm fulltrúum í stjórn Korpúfsstaða. Samið var við SÍM um umsjón með rekstri Korpúfsstaða. Afar nauðsynlegt er að auka rekstrarfé Korpúfsstaða þannig að hægt sé að ráð starfsmann sem væri staðsettur á Korpúfsstöðum. Þannig er hægt að tryggja góðan rekstur og lífliga starfsemi í húsinu.

### Myndstef

Hönnunarmiðstöð er aðili að Myndstefi og á þar fulltrúa í stjórn og fulltrúa í úthlutunarnefnd styrkja. Aðild að Myndstefi veitir öllum félögum aðildarfélaganna níu aðgang að þjónustu og höfundarréttarvernd Myndstefs. Þjónusta Myndstefs er afar mikilvæg fyrir stóran hóp hönnuða þar sem fremur lítil þekking er á rétti hönnuða hvoru tveggja innan hópsins og hjá þeim sem eiga viðskipti við hönnuði. Sífelld meira reynir á þennan rétt.

### Mælingar

Hluti fastrar starfsemi Hönnunarmiðstöðvar á að vera að koma á og halda við mælingum á umfangi hönnunar og arkitektageirans. Þannig geta hönnunargeirinn og stjórnvöld fengið skýra mynd af umfangi og vexti greinarinnar. Unnið er að því að koma þessum mælingum af stað í samstarfi við ýmsar stofnanir. Þessar mælingar ættu að vera hluti af mælingum á umfangi skapandi greina almennt og mjög mikilvægt að þær verði settar af stað sem fyrst.



## Verkefni ársins 2009

Hér er farið yfir þau verkefni ársins 2009 sem heyra ekki undir föst verkefni eða reksturs Hönnunarmiðstöðvar.

### Verkefni 2009

- Fyrirlestrar Hönnunarmiðstöðvar Íslands í Listasafni Reykjavíkur
- Hagnýtt hádegi
- Orkuverið
- Hönnun til útflutnings
- Hönnunarsjóður Auroru
- Samkeppnir
- Heimsókn til Svíþjóðar á Stockholm Furniture Fair 2009
- Christopher Peterka með SACF líkanið
- Expo 2010 í Sjanghæ | samráðshópur v/þátttöku Íslands
- Heimildarmynd um Hönnunarmiðstöð Íslands og verkefni á vegum miðstöðvarinnar.
- Hönnunarsýningin Íslensk samtímahönnun á Listahátíð maí 2009
- Hönnunarsýningin Íslensk samtímahönnun á Akureyri í október 2009
- Útgáfa bókar um Hönnunarsýninguna Íslensk samtímahönnun
- Hönnunarkynning í opnu húsi í utanríkisráðuneytinu
- Stefnumótun fyrir Hönnunarmiðstöð Íslands september 2009
- Útflutningsstarfsmaður Hönnunarmiðstöðvar
- You are in Control
- IDEO & Paul Bennett
- Fenejvatvíceringurinn í arkitektúr
- Þorpið á Egilsstöðum
- 20/20 Framtíðarsýn og sóknaráætlun fyrir Ísland
- Þátttaka í Lava 09
- Stofnun samtaka skapandi greina
- Verkefni tengd stofnun Íslandsstofu
- HönnunarsMars

### Fyrirlestrar Hönnunarmiðstöðvar Íslands í Listasafni Reykjavíkur

Hönnunarmiðstöð hefur staðið fyrir fyrirlestrum í Listasafni Reykjavíkur einu sinni í mánuði í samstarfi við Listasafni Reykjavíkur og Lista-

háskóla Íslands. Fyrirlestrarir eru haldnir annan fimmtudag í mánuði að vetri til kl. 20. Þeir hafa mælst mjög vel fyrir hjá hönnuðum og áhugafólki um hönnun. Fyrirlesararnir hafa verið úmsir innlendir og erlendir hönnuðir og fræðimenn. Að meðaltali hafa um 100 manns mætt. Fyrirlesarar; Jorgen Bey

hönnuður (Holland), Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í grafískri hönnun í LHÍ, Karl Aspelund, hönnuður og doktorsnemi við Boston University, Christopher Peterka hugmyndasmiður (Þýskaland), Hugmyndahús háskólanna: Daníel og Karl, Hönnuður&listamaður: Andrea Maack myndlistarmaður, Þorvaldur Þorsteinsson myndlistamaður, Margrét Elísabet Ólafsdóttir fagurfræðingur, Guðmundur Oddur, Skapandi fyrirtæki: Margrét Sigrún Sigurðardóttir rannsóknarmiðstöð um skapandi greinar, Helga Valfells Nýsköpunarsjóði, Gunnar Hilmarsson Andersen&Lauth.





<p><b>hagnýttHÁDEGI</b> Hádegisfyrirlestrar Hönnunarmiðstöðvar og Hönnunarsjóðs Auroru</p>	<p><b>hagnýttHÁDEGI</b> Hádegisfyrirlestrar Hönnunarmiðstöðvar og Hönnunarsjóðs Auroru</p>	<p><b>hagnýttHÁDEGI</b> Hádegisfyrirlestrar Hönnunarmiðstöðvar og Hönnunarsjóðs Auroru</p>
<p><b>VSK 101</b> - Þórey Vilhjálmsdóttir fer yfir grundvallaratriði varðandi virðisaukaskatt með hönnunarfyrirtæki í huga Þjóðmíngisafni Íslands, fimmtudaginn 1. október 12:00-13:00</p>	<p><b>Höfundarréttur</b>   Knútur Bruun formaður Myndstefs fjallar um höfundarréttarmál Þjóðmíngisafni Íslands, fimmtudaginn 29. október 12:00 - 13:00</p>	<p><b>Markaðssetning á netinu</b> – Ólafur Kr. Ólafsson, internetráðgjafi hjá NordiceMarketing Þjóðmíngisafni Íslands, fimmtudaginn 26. nóvember 12:00-13:00</p>
<p>HÖNNUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS Innovation Centre of Iceland</p> <p>Hönnunarsjóður Auroru</p> <p>Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre</p>	<p>HÖNNUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS Innovation Centre of Iceland</p> <p>Hönnunarsjóður Auroru</p> <p>Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre</p>	<p>HÖNNUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS Innovation Centre of Iceland</p> <p>Hönnunarsjóður Auroru</p> <p>Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre</p>

## Hagnýtt hádegi

Fyrirlestraröðin Hagnýtt hádegi er haldin mánaðarlega í Þjóðmíngisafni Íslands. Efni þeirra er af hagnýtum toga, svo sem virðisauki, höfundarréttur, vefmál o.s.frv. Fyrirlestrararnir eru haldnir í samvinnu við Hönnunarsjóð Auroru og efni þeirra er tekið upp og sett inn á vefi Hönnunarmiðstöðvar og Hönnunarsjóðsins. <http://honnunarmidstod.is/Fyrirlestrar/Hagnytthadegi/>.

## Orkuverið

Hönnunarmiðstöð Íslands, Innovit – nýsköpunar og frumkvöðlasetur, Klak – nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og Félag viðskipta- og hagfræðinga standa fyrir Orkuverinu – samstarfsvettvangi þar sem markmiðið er að koma á farsælu samstarfi hönnuða og viðskiptafræðinga með það í huga að nýta orku og hugmyndaauðgi ólíkra einstaklinga til að stofna saman fyrirtæki. Þetta eru svokölluð hraðstefnumót haldin einu sinni í mánuði á Háskólatorgi, fyrir hönnuði, viðskiptafræðinga, verkfræðinga, markaðsfræðinga og aðila með reynslu af rekstri.

# Orkuverið

## Hönnun til útflutnings

Útflutningsráð, Hönnunarmiðstöð Íslands og Félag vöru- og iðnhönnuða hófu samstarf í september 2008



um verkefni með það í huga að hvetja til aukinnar samvinnu fyrirtækja og hönnuða. Markmið verkefnisins var að leiða saman hönnuði og fyrirtæki um hönnun og framleiðslu á útflutningsvörum. Tilgangurinn er að efla þátt hönnunar innan framleiðslufyrirtækja auk þess að innleiða hönnun við þróun á vöru og þjónustu og að skapa ný tækifæri í útflutningi. Verkefninu lauk fimmtudaginn 11. júní með ráðstefnu og sýningu sem haldin var í höfuðstöðvum Kauppings. Á ráðstefnunni kynntu fyrirtæki og hönnuðir afkrastur verkefnisins Sýndar voru frumgerðir sem til urðu við samstarf hönnuða og fyrirtækja. Eftirfarandi aðilar voru þátttakendur í verkefninu:

### Fyrirtæki

Fossadalur ehf.  
Villimey ehf  
Glófi ehf.  
SagaMedica ehf.  
Flúrlampar ehf.  
J&S gull ehf.  
Intelscan ehf

### Hönnuðir

Snorri Valdimarsson, umbúðir fyrir veiðihjól Einarsson ehf.  
Projekt, umbúðir fyrir nýja útflutningslínu Villimeyjar ehf.  
Laufey Jónsdóttir, ný fatalína úr íslenskri ull.  
Kristrún Hjartar, umbúðir fyrir hálstöflur.  
Batterið ehf., hönnun á nýrri línu úr flúrlömpum sem heitir Mikado  
Pipar ehf., útlitshönnun á nýrri vöru línu hjá J&S gull sem heitir Icecold  
Projekt, útlitshönnun á mælitæki Intelscan

Aðalræðumaður á ráðstefnunni var hinn margverðlaunaði danski hönnuður, Kasper Salto. Hann hélt fyrirlestur um mikilvægi hönnunar í allri vöru og þjónustu. Yfir 90 manns mættu á ráðstefnuna sem þótti takast





mjög vel. Stefnt er að því að verkefnið verði árlegur viðburður og að fá SI og Nýsköpunarmiðstöð til liðs við verkefnið til að stækka það og efla. En vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi Útflutningsráðs reyndist ekki mögulegt að setja það aftur af stað í september 2009. Verkefnið mun væntalega fara af stað fljótlega eftir áramót 2010.

Hönnunarsjóður Aurore

## Hönnunarsjóður Aurore

Hönnunarmiðstöð Íslands kom að því verkefni að Aurora velgerðarsjóður stofnaði Hönnunarsjóð Aurore 13. febrúar 2009 og veitti til hans 25 milljónum í þrjú ár, eða alls 75 milljónum. Þetta er þriggja ára tilraunaverkefni sem hefur það að markmiði að skjóta styrkum stoðum undir íslenska hönnun með því að veita hönnuðum fjárhagslega aðstoð. Hönnuðir eru styrktir til að koma sjálfum sér, hugmyndum sínum, vörum og verkefnum á framfæri. Auk þess fá þeir aðstoð við vörupróun, prótótýpugerð og markaðssetningu hérlendis og erlendis. Sjóðurinn er opinn öllum hönnuðum og starfræktur á faglegum grunni. Talin var mikil þörf á íslenskum hönnunarsjóði til að styðja við bakið á efnilegum hönnuðum, efla grasrótastarf í hönnun og vera vettvangur hugmynda og skapandi hugsunar í greininni. Stjórn Aurore væntir þess að sjóðurinn stuðli að því að íslensk hönnun vaxi og dafni og verði ein af stoðunum sem skotið verði undir atvinnulífið við endurreisn þess. Reyndar er engu líkara en að efnahagshrunið hafi beinlínis leyst úr læðingi frjóa hugsun og sköpunarkraft Íslendinga, meðal annars í hönnunarsamfélaginu. Hönnuðir sjá fjölda nýrra tækifæra til að leggja sitt af mörkum í endurreisnarstarfinu. Hönnunarsjóður Aurore getur orðið sá vettvangur sem nauðsynlegur er til að hrinda hugmyndum í framkvæmd í samvinnu hönnuða og atvinnulífs. Stjórn Hönnunarsjóðs Aurore: Ingibjörg Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt, formaður. Jóhannes Þórðarson, arkitekt, deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ, meðstjórnandi. Halla Helgadóttir, grafískur hönnuður, frkv.stj. Hönnunarmiðstöðvar Íslands, meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri: Hlín Helga Guðlaugsdóttir Sjóðurinn veitti 20 milljónir króna á árinu 2009 til ýmissa verkefna á sviði hönnunar. Nánari upplýsingar á <http://www.honnunarsjodur.is>.

### Samkeppnir

Hönnunarmiðstöð Íslands hefur gefið út leiðbeinandi samkeppnisreglur til að auka gæði og tryggja fagleg vinnubrögð í samkeppnum sam varða hönnun og hönnuði. Mikið hefur verið leitað til Hönnunarmiðstöðvar vegna samkeppna. Á Hönnunarsjóð Mars voru kynnt úrslit hönnunarsamkeppni Hönnunarmiðstöðvar Íslands, verslunarinnar Kraum og Listasafns Reykjavíkur. Keppnin fólst í að hanna nýtt jahlut með innblæstri eða tilvísun í listaverk eftir Erró. Margir nýir hannaðir hlutir litu dagsins ljós í kjölfar keppinnar. Nú standa yfir tvær keppnir; Samkeppni um nýjan minjagrip fyrir Reykjavíkurborg (<http://honnunarmidstod.is/Frettirogidburdir/Lesafrett/1630>) og skartgripa-samkeppni Hendriku Waage (<http://honnunarmidstod.is/Frettirogidburdir/Lesafrett/1673>). Nýlokið er samkeppni um grafík á Magneat.







### Heimsókn til Svíþjóðar á Stockholm Furniture Fair 2009

Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar sótti heim sýninguna Stockholm Furniture Fair sem þykir ein af þeim bestu á sviði hönnunar. Haldið var boð á vegum íslenska sendiherrans í sendiherrabústaðnum þar sem íslenskum hönnuðum og fólki úr hönnunargeiranum í Svíþjóð var boðið. Einnig voru sóttar ýmsar sýningar og fundir þar sem mynduð voru tengsl sem nýst hafa vel í starfi Hönnunarmiðstöðvar. Katrín Ólína Pétursdóttir, hönnuður hlaut hin norrænu Forum AID verðlaun í flokki innanhússhönnunar í fyrir hönnun sína á Cristal Bar í Hong Kong sem vakti mikla athygli á íslenskri hönnun.

### Christopher Peterka með SACF líkanið



Christopher Peterka kom til Íslands á vegum Hönnunarmiðstöðvar og hélt fyrirlestur í fyrirlestraröðinni á Listasafni Reykjavíkur. Þar kynnti hann svokallað CAFS módel sem notað er til að velja á milli mismunandi hugmynda og viðskiptatækifæra. Í framhaldi af því var haldinn fundur í samstarfi við Útflutningsráð þar sem fulltrúar skapandi greina komu saman. Þar kynnti

Christopher CAFS módelið og hvernig má nýta það til að útteila styrkjum og stuðningi til skapandi greina.

### Expo 2010 í Sjanghai | samráðshópur v/þátttöku Íslands



Fulltrúi Hönnunarmiðstöðvar sat í samráðshópi vegna þátttöku Íslands á Expo 2010, en þar var þátttaka Íslands í verkefninu mótuð. Hönnunarmiðstöð barðist fyrir því að faglega væri staðið að hönnun íslenska skálans á EXPO. Eftir samkeppni voru arkitektar undir stjórn Páls Hjaltasonar valdir til verksins.

### Heimildamynd um Hönnunarmiðstöð Íslands og verkefni á vegum hennar

Í janúar 2009 hafði framleiðslufyrirtækið Don Productions samband við Hönnunarmiðstöð vegna áhuga á að vinna 20 mínútna heimildar mynd um áhrif efnahagshrunsins á nýsköpun á Íslandi, til birtingar á japönsku sjónvarpsstöðinni NHK. Nokkur verkefni Hönnunarmiðstöðvar og samstarfsaðila voru kynnt fyrir þeim en þau urðu kveikjan að heimildarmynd sem sýnd var í japanska sjónvarpinu laugardaginn 11. apríl 2009. Framleiðandinn valdi verkefni til þess að hafa í brennidepli í myndinni og fylgdi þáverandi framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar, Þóreyju Vilhjálmisdóttur við vinnu. Verkefni sem fjallað var um voru eftirfarandi:

**Orkuverid** | Vettvangur fyrir hönnuði og viðskiptafræðinga til þess að koma á samstarfi sín á milli | Samstarf Hönnunarmiðstöðvar, Innovit, Klak og Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

**Hönnun til útflutnings** | Markmið verkefnisins er að leiða saman fyrirtæki og hönnuði til að hanna og framleiða nýjar vörur til útflutnings | Vöruþróunarverkefni á vegum Hönnunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs Íslands

**HönnunarMars 2009** | Hönnunardagar í Reykjavík í mars 2009 á vegum Hönnunarmiðstöðvar.

Framleiðandi Don Productions [www.donproductions.com](http://www.donproductions.com) fyrir japönsku sjónvarpsstöðina NHK [www.nhk.or.jp](http://www.nhk.or.jp)

### Hönnunarsýningin Íslensk samtímahönnun á Listahátíð í maí 2009

Hönnunarsýning var opnuð á opunarhátíð Listahátíðar í Reykjavík á Kjarvalsstöðum 2009. Hún er sett upp af Hönnunarmiðstöð í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Utanríkisráðuneytið, sem stutt hefur vel við verkefnið. Hin mikla gróska sem ríkt hefur í hönnun á Íslandi endurspegladist í sýningunni sem var ætlað að kynna brot af því besta í íslenskri hönnun með áherslu á húsgagna- og vöruhönnun og arkitektúr. Sýnd



voru verk frá um 20 hönnuðum sem voru valin með það í huga að eiga erindi úti til frekari kynningar, sölu eða framleiðslu. Samhliða hönnunarsýningunni voru verk efnilegra hönnuða kynnt í samvinnu við Hönnunarsjóð Auroru. Sýningin var hönnuð sem farandsýning. Sýningarstjóri var Elísabet V. Ingvarsdóttir, Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárasón í Kurt og pí voru sýningarhönnuðir og Hörður Lárusson hjá Vinnustofu Atla Hilmarsonar sá um gráfíska hönnun.



**Hönnunarsýningin Íslensk samtímahönnun á Akureyri í október 2009** Sýningin var opnuð í Ketilhúsinu á Akureyri laugardaginn 24. október. Á sama tíma var fyrsta eintak bókarinnar Íslensk samtímahönnun, húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr afhent. Bókin er gefin út af Crymogeu í tengslum við sýninguna. Hún er fyrsta yfirlitsbókin um íslenska hönnun. Bókin kemur út á ensku í ársbyrjun 2010 og stefnt er að útgáfu hennar á fleiri tungumálum.

### Útgáfa bókar um Hönnunarsýninguna Íslensk samtímahönnun



Gerður var samningur við bókaforlagið Crymogeu um útgáfu bókar byggða á sýningunni en verkefnið naut stuðnings frá Útflutningsráði. Bókin er seld á almennum markaði en hún kemur út á ensku í febrúar 2010 og mun nýtast til kynningar á íslenskri hönnun erlendis og vinna vel með fyrirhuguðu ferðalagi sýningarinnar um Norðurlönd og á EXPO 2010 í Kína.

### Hönnunarkynning á opnu húsi í utanríkisráðuneytinu

Á menningarnótt stóð Hönnunarmiðstöð fyrir kynningu á íslenskri hönnun í utanríkisráðuneytinu. Sett var upp ljósmyndasýning sem er byggð á sýningunni Íslensk samtímahönnun 2009. Starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar og ýmsir hönnuðir, tóku á móti fjölda manns og kynntu fyrir þeim íslenska hönnun. Viðburðurinn mæltist sérstaklega vel fyrir og var vel sóttur.

### Stefnumótun Hönnunarmiðstöðvar Íslands september 2009



Í september var farið í stefnumótun fyrir Hönnunarmiðstöð. Hún fór fram á Kolstöðum í Hvítársíðu en í henni tóku þátt fulltrúar félaganna níu sem eiga Hönnunarmiðstöð; Dennis Davíð Jóhannesson, Arkitektafélagi Íslands, Gunnar Hilmarsson Fatahönnunarfélagi Íslands, Hallgrímur Friðgeirsson, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Dagný Bjarnadóttir, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Haukur Már Hauksson, Félagi íslenskra teiknara, Egill Egilsson, Félag vöru- og iðnhönnuða, Guðný Hafsteinsdóttir, Leirlistafélagi Íslands, Rósa

Helgadóttir, Textílfélaginu, því miður vantaði fulltrúa frá Félagi íslenskra gullsmiða. Nokkrir fulltrúar voru frá



stjórnsýslu, Svanhvit Aðalsteinsdóttir, utanríkisráðuneyti, Guðný Helgadóttir, menntamálaráðuneyti, Hanna Dóra Másdóttir, iðnaðarráðuneyti. Sigríður Sigurjónsdóttir var fyrir LHÍ, starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar, Halla Helgadóttir, Þórey Vilhjálmsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir og Davíð Lúðvíksson frá SI stýrði vinnunni. [Sjá niðurstöður í fylgiskjali nr. 3 bls. 33.](#)

#### Útflutningsstarfsmaður Hönnunarmiðstöðvar

Lögð var mikil vinna í að afla fjár til að setja af stað þriggja ára átaksverkefni til útflutnings og markaðssetningar íslenskrar hönnunar og arkitektúrs erlendis. Hugmyndin var að ráða Þóreyju, starfandi framkvæmdastjóra í það starf og nýta þannig þekkingu og reynslu hennar, ásamt reynslu af því að stýra Hönnunarmiðstöð í tæpt ár. Því miður tókst ekki að fjármagna þetta brýna verkefni. [Sjá lýsingu í fylgiskjali nr. 4 bls. 34.](#)

#### You are in Control

Hönnunarmiðstöð tók þátt í ráðstefnunni You Are In Control (YAIC) sem er alþjóðleg ráðstefna haldin í



Reykjavík árlega um þróun viðskiptamóðela og markaðsaðferða í stafrænu umhverfi menningar- og afþreyingarviðskipta. Þetta er í þriðja sinn sem You Are In Control var haldin en í ár voru 278 þátttakendur skráðir, þar af 60 sem komu erlendis frá sem er hátt í þreföldun

á þátttöku frá því að ráðstefnan var fyrst haldin. Á undanförunum 10 árum hefur orðið gerbreyting á neyslumynstri og dreifileiðum á menningar- og afþreyingarefni. Tilgangur ráðstefnunnar er að koma á alþjóðlegu tengslaneti og skapa þekkingarbanka á Íslandi um rafræn viðskipti og markaðssetningu í stafræna geiranum. Á þeim þremur árum sem ráðstefnan hefur verið haldin hefur náðst mikill árangur í tengslamyndun jafnframt því sem tilboð um samstarf og viðskipti hafa komið frá erlendum aðilum sem talað hafa á ráðstefnunni. Markmiðið er að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og einstaklinga sem starfa í skapandi greinum á alþjóðlegum vettvangi. Hópurinn sem talar á ráðstefnunni og tekur þátt í vinnusmiðjum er fjölbreyttur og kemur úr öllum geirum skapandi greina. Unnið er að því að You are in Control verði árlegur viðburður sem laði að erlenda aðila bæði til að koma fram og eins til að taka þátt í ráðstefnunni. Samstarfshópur um You Are In Control eru Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Hönnunarmiðstöð Íslands, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Reiknað er með að Iceland Gaming Industry og Bókmenntasjóður bætist við.

#### IDEO & Paul Bennett

Í mars kom Paul Bennett til Íslands á vegum Hönnunarmiðstöðvar Íslands og hélt fyrirlestur á fyrirlestraröð HönnunarMars þann 27. mars. Paul hitti ýmsa aðila út atvinnulífinu, stjórnálamenn og hönnuði og leitaðist við að miðla aðferðum IDEO. Fyrirtækið er eitt af fremstu fyrirtækjum í hönnun og nýsköpun í heiminum í dag og er eitt hið virtasta á sínu sviði. Meðal verkefna þess eru m.a. fyrsta Apple tölvumúsinn og (RED) herferð Bono í U2. IDEO var valið eitt af fimm framsæknum fyrirtækjum í heiminum árið 2008 og var þar í hópi með Google, Apple, GE og Facebook. IDEO hefur á seinni árum lagt aukna áherslu á NGO og verkefni tengd stjórnsýslu. Stjórnendur IDEO sýndu ástandinu á Íslandi mikinn áhuga og vildu nýta reynslu sína og þekkingu til þess að koma auga á tækifæri







og finna lausnir á efnahagsvanda þjóðarinnar. Paul Bennett kom nokkrum sinnum til Íslands og hitti ráðamenn með tilboð um að nýta aðferðir IDEO þar sem sett eru saman þverfagleg teymi til þess að vinna að stefnumótun, vörubrúun eða finna lausnir á vandamálum. IDEO notar nýstárlega aðferðafræði til lausnar á ýmsum verkefnum, svo sem innan heilbrigðisgeirans og til að leysa verkefni í þriðja heiminum. Frumlegar lausnir þeirra hafa vakið heimsathygli. Paul var einnig búinn að tryggja framleiðslu á klukkustundarlöngum sjónvarpsþætti um Ísland á besta tíma hjá BBC. Paul Bennett talaði á ráðstefnunni You are in Control í september.

### Feneyjtvíæringurinn í arkitektúr

Unnið er að því ásamt Arkitektafélagi Íslands og í samráði við menntamálaráðuneytið að tryggja að Ísland eigi fulltrúa á Feneyjtvíæringnum í arkitektúr árið 2010. Vegna efnahagsástandsins hefur þetta verkefni ekki verið í forgangi.

### Þorpið á Egilsstöðum

Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar tók þátt í málþingi á Eiðum um Þorpið – skapandi samfélag í október. Þar var rædd möguleg uppbygging á Austurlandi tengd verkefnum á sviði hönnunar, handverks og sjálfbærni en heimamenn eru með stórar hugmyndir um uppbyggingu á þessu sviði sem Hönnunarmiðstöð styður eftir megni.

### 20/20 Framtíðarsýn og sóknaráætlun fyrir Ísland

Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands tók þátt í vinnuhópi sem vann sviðsmyndir í tengslum við 20/20 Framtíðarsýn og sóknaráætlun fyrir Ísland sem Dagur B. Eggertsson stýrir.

### Þátttaka í Lava 09

Hönnunarmiðstöð Íslands tók þátt í undirbúningi Lava 09 ráðstefnunnar sem haldin var 10–11 nóvember. Ráðstefnan tengist The Northern Periphery Programme 2007–2013 sem ætlað er að styrkja tengsl og samstarf milli hefðbundinna atvinnugreina og skapandi atvinnugreina með það markmið að efla nýsköpun í atvinnulífi.

### Stofnun samtaka skapandi greina

Hönnunarmiðstöð Íslands, Úttón, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar,



Bókmenntakynningarsjóður og IGI (Icelandic Gaming Industry) stóðu fyrir stefnumótunarvinnu 3.–4. desember 2009 vegna stofnunar samtaka skapandi greina. Stefnumótunarvinnan tókst mjög vel. Verið er að vinna úr niðurstöðum hennar sem liggja fyrir í febrúar 2010. Þátttakendur voru: Anna Hildur Hildibrandsdóttir ÚTÓN, Gunnar Guðmundsson ÚTÓN, Sigfríður Björnsdóttir ÚTÓN, Björn Árnason ÚTÓN, Laufey Guðjónsdóttir, Kvikmyndamiðstöð, Sigurrós Hilmarsdóttir Kvikmyndamiðstöð, Friðrik Þór Friðriksson Kvikmyndamiðstöð, Ari Kristinsson Kvikmyndamiðstöð, Rebekka

Sylvía Ragnarsdóttir KÍM, Rúrí KÍM, Halla Helgadóttir Hönnunarmiðstöð, Hlín Helga Gunnlaugsdóttir Hönnunarmiðstöð, Páll Hjaltason Hönnunarmiðstöð, Erla Bjarney Árnadóttir IGI, Finnur Magnússon IGI, Jónas Björgvin Antonsson IGI, Þorgerður Agla Magnúsdóttir Bókmenntasjóð, Jónatan Garðarsson mennta- og menningarmálaráðuneyti, Inga Hlín Pálsdóttir Útflutningsráði, Auður Edda Jökulsdóttir utanríkisráðuneytinu, Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra, Arnar Guðmundsson aðstoðar-



maður iðnaðarráðherra, Hanna Dóra Másdóttir iðnaðarráðuneyti, Guðný Helgadóttir mennta- og menningarmálaráðuneyti, Karl Friðriksson Nýsköpunarmiðstöð, Gunnar Gunnsteinsson LSÍ, Davíð Lúdvíksson SI og Colin Mercer, fyrirlesari.

### Stofnun Íslandsstofu

Hönnunarmiðstöð Íslands er einkahlutafélag í eigu hönnuða og arkitekta á Íslandi. Barist var fyrir stofnun Hönnunar-miðstöðvar á Íslandi í áraraðir og sá draumur rættist loks í mars 2008. Hönnunarmiðstöð er dæmi um fyrirtæki sem vel var staðið að stofnun á. Baklandið er traust og stjórnin í höndum greinarinnar sjálfar. Hönnunarmiðstöð er í góðu og beinu sambandi við alla helstu hönnuði landsins og hefur greiðan aðgang að sérfræðipækkingu þeirra. Mikill kraftur er í starfinu og tekist hefur að virkja hönnunarsamfélagið vel og margfalda þannig það fé sem lagt hefur verið til greinarinnar. Um þetta stendur Hönnunarmiðstöð vörð. Fáir eru hæfari til að stýra verkefnum sem varða hönnun en einmitt hönnuðirnir sjálfir, hvort sem um ræðir kynningu, markaðssetningu, útflutning eða annað. Misskilnings hefur gætt um hlutverk miðstöðvarinnar (sjá bls. 5) sem berst fyrir hagsmunum hönnuða og arkitekta sem eru mikilvægir hópar innan atvinnulífsins. Verksviðið er stórt og mörg brýn verkefni bæði innanlands sem og erlendis. Kynningarmál eru þar ofarlega á blaði. Hönnunarmiðstöð hefur átt marga fundi með fulltrúum stjórnsýslu og mjög árangursríka fundi með ráðherrum mennta- og menningarmála, Katrínu Jakobsdóttur og iðnaðarráðherra, Katrínu Júlíusdóttur til að tryggja sameiginlega sýn varðandi hlutverk og verksvið miðstöðvarinnar. Starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar binda vonir við að eiga mjög árangursríkt og farsælt samstarf við Íslandsstofu komist hún á laggirnar og leitast við að veita þá ráðgjöf sem þörf er á varðandi íslenska hönnun og arkitektúr.

### HönnunarMars


HönnunarMars er langstærsta verkefni Hönnunarmiðstöðvar Íslands en hann var haldinn í fyrsta sinn í mars 2009. Markmið Hönnunarmiðstöðvar með HönnunarMars er að vekja athygli á og kynna íslenska hönnun hérlendis og erlendis. Markhópurinn er almenningur á Íslandi, íslenskir fjölmiðlar og erlendir, opinberir aðilar og hönnunarsamfélagið. HönnunarMars er hugsaður sem lyftistöng fyrir íslenska hönnun og hönnuði en á sama tíma, góð viðbót við fasta viðburði í Reykjavíkurborg. Hann styður vel við ferðapjónustuna og er ætlað að laða að ferðamenn með tímanum. Hönnun spannar mjög fjölbreytt svið og HönnunarMarsinn endurspeglar það. Lögð er áhersla á að úta undir grasrót og einstaklingsframtak og virkja félög hönnuða, fyrirtæki og stofnanir til þátttöku á eigin forsendum en þó undir sama hatti. Hönnunarmiðstöð er regnhlíf yfir verkefnið og heldur utan um alla þræði. Dagskráin er unnin og mótuð með aðildarfélögum nú sem eiga veg og vanda af henni. Skemmst er frá því að segja að fyrsti HönnunarMarsinn tókst afskaplega vel, var vel sóttur og vakti áhuga og athygli bæði hér á landi en ekki síður erlendis. Yfir 130 viðburðir, fyrirlestrar og sýningar voru haldnar. Heilmikil fjölmiðlaumfjöllun var um viðburðinn hvoru tveggja í innlendum fjölmiðlum og erlendum blöðum. Af erlendri umfjöllun má helst nefna umfjöllun í ForumAid, Damn Magazine, Guardian, Dezeen og Scandinavian Style. Einnig var gerður sérstakur þáttur fyrir japanska sjónvarpið um Hönnunarmiðstöð Íslands og HönnunarMars. HönnunarMars tryggði sig strax í sessi og verður árlegur viðburður á dagatali Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Strax í haust bar á miklum áhugi á næsta HönnunarMars sem verður haldinn 18.–21. mars 2010. Sjá kynningarefni í fylgiskjali nr. 5 bls. 36.








Myndir frá HönnunarMars 2009







Myndir frá Hönnunarmars





## Verkefnaáætlun 2010

Í þessum kafla verður farið yfir áætluð verkefni ársins 2010. Ekki eru endurtekin verkefni sem talin eru til fastra verkefna Hönnunarmiðstöðvar (bls. 7). En fyrirlestraraðir Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Orkuverið og ýmsar samkeppnir bætast nú í hóp fastra verkefna.

- Hönnunarstefna stjórnvalda
- Samningur um áframhaldandi starfsemi Hönnunarmiðstöðvar Íslands
- Hönnunarmiðstöð fær hlutfall af sölu hönnunarvöru og vinnu hönnuða
- Fjármögnun hönnunarfyrirtækja
- Markaðssetning íslenskrar hönnunar erlendis
- Útflutningur íslenskrar hönnunar | Hönnun til Útflutnings
- Nýsköpun í íslenskum framleiðslufyrirtækjum
- Markviss, fagleg umfjöllun og greinaskrif um hönnun
- Markviss fræðsla í markaðsmálum, verkefnastjórnun og framleiðslu
- Kynning á mikilvægi íslenskrar hönnunar
- Mælingar á umfangi hönnunargeirans
- Stofnun samtaka skapandi greina
- Heimsókn til Svíþjóðar á Stockholm Furniture Fair 2010
- Útgáfa bókar á ensku um hönnunarsýninguna Íslensk samtímahönnun
- HönnunarMars 2010
- Ferðalag Íslensk samtímahönnun um Norðurlönd
- Hönnun á Listahátíð
- Íslensk samtímahönnun á EXPO í Sjanghæ í Kína 2010
- Expo 2010 í Sjanghæ í Kína | Samnorræn hönnunarsýning landslagsarkitekta
- Árlegur tískuviðburður í Reykjavík
- Fenejvatvíæringurinn í arkitektúr
- Bókamessan í Frankfurt
- Undirbúningur útgáfu tímarits um hönnun og arkitektúr

### Hönnunarstefna stjórnvalda

Marka þarf stefnu stjórnvalda varðandi hönnun og arkitektúr í íslensku samfélagi. Skipa þarf nefnd með fulltrúum hagsmunaaðila og ráðuneyta til að gera yfirlit yfir stöðu greinanna og tillögur um stuðningsaðgerðir og verkefnasjóði.

### Samningur um áframhaldandi starfsemi Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Við árslok 2010 rennur út þriggja ára samningur iðnaðarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis við eigendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands um rekstur miðstöðvarinnar. Endurnýja þarf saminginn ekki síðar en í maí 2010 til að tryggja stöðugleika í rekstrinum. Huga má að því hvort fleiri aðilar ættu að koma að því samningsborði, svo sem utanríkisráðuneytið og Reykjavíkurborg.

### Hönnunarmiðstöð fær hlutfall af sölu hönnunarvöru og vinnu hönnuða og arkitekta

Unnið verður að því að tryggja að ákveðið hlutfall söluandvirðis íslenskrar hönnunarvöru og vinnu hönnuða og arkitekta renni til Hönnunarmiðstöðvar. Settur verður af stað vinnuhópur sem mótar tillögur um þetta verkefni. Á sama tíma er mikilvægt að auka tekjur Hönnunarmiðstöðvar svo sem ráðgjafartekjur og verkefnatengdar tekjur.



### Fjármögnun hönnunarfyrirtækja

Auka þarf stuðning við uppbyggingu sprotafyrirtækja sem byggja afkomu sína á hönnun. Auðvelda þarf aðgang að fjármagni fyrir þessi fyrirtæki og mikilvægt að auka skilning fjármögnunaraðila á möguleikum hönnunar og hönnunarfyrirtækja. Mikil gróska er meðal sprotafyrirtækja innan greinarinnar, uppbyggingarmöguleikar miklir enda atvinnugreinin alls ekki jafn fjárfrek og margar aðrar. Eins og staðan er núna hafa þessi fyrirtæki mjög litla möguleika á stuðningi og geta nánast einungis leitað til Hönnunarsjóðs Auroru sem hefur takmarkað ráðstöfunarfé. Hönnunarmiðstöð Íslands hefur áhuga á að gera samning við Nýsköpunarmiðstöð um samstarf varðandi stuðning við uppbyggingu hönnunarfyrirtækja.

### Markaðssetning íslenskrar hönnunar erlendis

Mikilvægt er að styðja við markaðssetningu íslenskrar hönnunar erlendis, m.a. með sýningarhaldi. Útflutningsráð hefur unnið gott starf á þessu sviði. Sérfræðipækning er óðum að safnast innan greinarinnar sem Hönnunarmiðstöð Íslands hefur greiðan aðgang að. Áhugi er á að gera samstarfssamning við Útflutningsráð / Íslandsstofu um stuðning við markaðsstarf íslenskra hönnunarfyrirtækja erlendis, t.d. varðandi sýningar einstakra hönnuða eða fyrirtækja, saminga við erlendar kynningarskrifstofur og fleiri verkefni.

### Nýsköpun í íslenskum framleiðslufyrirtækjum

Mikilvægt er að styðja við nýsköpun byggða á íslenskri hönnun. Verið er að móta samstarf Hönnunarmiðstöðvar og Nýsköpunarmiðstöðvar vegna framhalds verkefnisins 8+8 þar sem áhersla verður lögð á nýsköpun í íslenskum framleiðslufyrirtækjum með þátttöku hönnuða. Stefnt er að því að fá Samtök iðnaðarins að verkefninu og einnig að leggja áherslu á fyrirtæki og hönnuði á landsbyggðinni.

### Útflutningur íslenskrar hönnunar | Hönnun til Útflutnings

Mikilvægt er að styðja við útflutning íslenskrar hönnunar. Útflutningsráð og Hönnunarmiðstöð stóðu sameiginlega fyrir verkefninu *Hönnun til útflutnings 2008-09*. Áhugi er á að þróa þetta verkefni áfram og fá Samtök iðnaðarins og Nýsköpunarmiðstöð að borðinu til að stækka og efla verkefnið. Markmiðið er að stuðla að aukinni notkun og skilningi hjá stjórnendum fyrirtækja á mikilvægi hönnunar í nýsköpun, vöruþróun og ímyndaruppbyggingu með því að greiða fyrir samstarfi þarna á milli. Stefnt er að því að setja þetta verkefni af stað með svipuðum hætti og gert var haustið 2008.

### Markviss, fagleg umfjöllun og greinaskrif um hönnun

Hönnunarmiðstöð stuðlar að markvissri og faglegri umfjöllun um íslenska hönnun, með því að styrkja heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar og ýta undir umfjöllun og greinaskrif í íslenskum og erlendum fjölmiðlum.

### Markviss fræðsla í markaðsmálum, verkefnastjórnun og framleiðslu

Leggja þarf áherslu á að auka viðskiptaþekkingu hönnuða. Unnið verður að því að útbúa leiðbeiningar og gögn með ráðleggingum um útflutning og fyrirtækjarekstur í samstarfi við Útflutningsráð og Nýsköpunarmiðstöð. Gögnin verða aðgengileg á vefsíðu Hönnunarmiðstöðvar.

### Kynning á mikilvægi íslenskrar hönnunar

Hönnunarmiðstöð hyggst standa fyrir ráðstefnunni Hönnun framtíðina, í maí 2010, þar sem lögð er áhersla á þjónustu og ferlahönnun og kynningunni beint að stjórnendum fyrirtækja og stjórnýslu. Haldnir verða kynningarfundir eins og áður, unnið að sjónvarpsefni þar sem íslensk hönnun verður kynnt ofl.

### Mælingar

Hluti fastrar starfsemi Hönnunarmiðstöðvar á að vera að koma á og halda við mælingum á umfangi hönnunar og arkitektageirans. Þannig geta hönnunargeirinn og stjórnvöld fengið skýra mynd af umfangi og vexti greinarinnar. Unnið er að því að koma þessum mælingum af stað í samstafi við ýmsar stofnanir. Þessar



mælingar ættu að vera hluti af mælingum á umfangi skapandi greina almennt og mjög mikilvægt að þær verði settar af stað sem fyrst.

#### Stofnun samtaka skapandi greina

Í kjölfar vel heppnaðrar stefnumótunarvinnu, liggur fyrir að samtök skapandi greina verði stofnuð á árinu 2010. Í Hönnunarmiðstöð er áhugi á verkefninu og vilji til að nýta sameiningarmátt þessara greina öllum til framdráttar. Samtökin geta skapað grundvöll fyrir áhugavert og ábótasamt samstarf milli greinanna varðandi mælingar, fræðslumál og ýmis sameiginleg verkefni.

#### Heimsókn til Svíþjóðar á Stockholm Furniture Fair 2010

Fyrirhuguð er ferð á Stockholm Furniture Fair í byrjun febrúar. Hópur íslendinga fer til Stokkhólms til að taka þátt í mörgum ólíkum sýningum og verkefnum. Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands tekur þátt í Pecha Kucha kvöldi og vinnur að því að koma sýningunni okkar Íslensk samtímahönnun á framfæri en markmiðið er að hún verði til sýnis í Stokkhólmi á sýningunni 2011.

#### Útgáfa bókar á ensku um hönnunarsýninguna Íslensk samtímahönnun

Hönnunarmiðstöð og bókaforlagið Crymogea gefa út bókina Íslensk samtímahönnun á ensku í febrúar 2010 og mögulega á fleiri tungumálum í kjölfarið.

#### HönnunarMars 2010

Verður haldinn 18.–21. mars og undirbúningur er í fullum gangi. Greipur Gíslason hefur verið ráðinn verkefnastjóri. Miklar væntingar eru bundnar við HönnunarMars og mikill áhugi innan samfélags hönnuða og víðar. Dagskráin er í mótun og verið að vinna að fjármögnun sem enn er veikur hlekkur í framkvæmd hátíðarinnar. Sett var á laggirnar stjórn HönnunarMars en í henni eiga sæti auk framkvæmdstjóra Hönnunarmiðstöðvar Höllu Helgadóttur, Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í vöruhönnun við LHÍ og Hallgrímur Friðgeirsson formaður félags innanhússarkitekta. [Sjá dagskrá, fylgiskjal nr. 6 bls. 37.](#)

**HönnunarMars**  
**DesignMarch**  
**18.–21.03 2010**

#### Ferðalag sýningarinnar Íslensk samtímahönnun um Norðurlönd

Farandsýningin Íslensk samtímahönnun 2009 var hugsuð sem öflugt tæki til að koma íslenskri hönnun og arkitektúr á framfæri erlendis í samstarfi við sendiráð Íslands, erlendar hönnunarmiðstöðvar, söfn og aðra fagaðila á sviði hönnunar. Sýningin býður upp á mörg tækifæri til að kynna hversu langt Ísland er komið á sviði hönnunar, og til eflingar tengslanets íslenskra hönnuða og arkitekta á erlendum mörkuðum. Hönnunarmiðstöð telur mikilvægt að sýningin ferðist milli Norðurlandanna fjögurra árin 2010–2011 og verði sett upp í virtum hönnunargalleríum. Markmið sýningarinnar er að tengja Ísland betur inn í hið Norræna hönnunarsamfélag sem þegar hefur getið sér gott orð á alþjóðavettvangi. Það væri mjög verðmætt fyrir íslenska hönnun og hönnuði að teljast hluti af því samfélagi. Sýningin verður notuð til markaðssetningar á íslenskri hönnun erlendis og til eflingar viðskiptatengslanets íslenskra hönnuða og arkitekta. Hönnunarmiðstöð vill einnig, með sýningunni, leggja sitt af mörkum til eflingar orðspors Íslands sem menningarsamfélags á Norðurlöndum og víðar. Hönnunarmiðstöð er í sambandi við Danmark Design Centre og Svensk Form um mögulegt samstarf, einnig eru komin á tengsl við Noreg og Finnland. Verkefnið er unnið með stuðningi frá utanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og Útflutningsráði. [Sjá fylgiskjal nr. 7 bls. 38.](#)

#### Hönnun á Listahátíð

Vilji er fyrir því að Hönnunarmiðstöð standi fyrir sýningu eða viðburði á Listahátíð í Reykjavík vorið 2010.





### Íslensk samtímahönnun á EXPO í Kína 2010

Farandsýningin Íslensk samtímahönnun 2009 verður sett upp í Nordic Lighthouse í Shanghai, en í því húsi verða norræn verkefni af ýmsum toga kynnt í tengslum við Expo 2010. Forseti Íslands mun opna sýninguna 11. september á sérstökum Íslandsdegi sem verður og hún mun standa í a.m.k. mánuð.

### Expo 2010 í Sjanghæ | Samnorræn hönnunarsýning landslagsarkitekta

Gott dæmi um íslenska hönnun sem vakið hefur athygli erlendis eru gróður-húsgögn Dagnýjar Bjarnadóttur



Landslagsarkitekts hjá Landslagi, sem sýnd voru á Magma Kvika sýningunni 2007 á Kjarvalstöðum. Þau, ásamt gulu blóma-breiðunni við Norrænahúsið á Hönnunars Mars 2009 ofl. sjónrænum uppátækjum, hafa orðið til þessa að Dagnýju hefur verið falið að hanna samnorræna landslagsarkitektasýningu sem opnar í Shanghai í vor í tengslum við Expo 2010. Kjersti Wikström hjá DAC - Dansk Arkitektur Center heldur utan um sýninguna sem mun ferðast til Norðurlandanna eftir Expo í Shanghai og sameinast enn stærri sýningu um norrænan

landslagsarkitektúr. Sýningin verður staðsett utandyra, á torgi við Nordic Lighthouse í Shanghai, en í því húsi verða norræn verkefni af ýmsum toga kynnt í tengslum við Expo 2010. Verkefnið er í vinnslu en Dagný hefur nú þegar farið til Shanghai og kynnt frumtillögur og er nú verið að fara yfir tilboð frá framleiðendum í Kína, þar sem framhaldið á hönnun sýningarinnar ræðst. Fagnefndir í hverju landi velja verkin sem verða sýnd, en hugmyndin er að framsetningin, myndræn og þrívíð verði í gróður-húsgögnunum. Formaður fagnefndar á vali verkefna fyrir hönd Íslands er Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt.

### Árlegur tiskuviðburður í Reykjavík

Unnið hefur verið að því með fatahönnuðum að sameinast um einn stóran árlegan tiskuviðburð í Reykjavík. Hönnunarmiðstöð Íslands mun beita sér fyrir því að þessi áform gangi upp, ásamt Félagi fatahönnuða og fleiri hagsmunaaðilum.

### Feneyjtvíæringurinn í arkitektúr

Hönnunarmiðstöð vinnur áfram að því ásamt Arkitektafélagi Íslands og í samráði við menntamálaráðuneytið að tryggja að Ísland eigi fulltrúa á Feneyjtvíæringnum í arkitektúr. Ef það næst ekki nú haustið 2010 vegna efnahagsástandsins þá árið 2012.

### Bókamessan í Frankfurt

Hönnunarmiðstöð Íslands er í samstarfi við skipuleggjendur íslensku þátttakendanna í bókamessunni í Frankfurt 2011 um verkefni sem tengjast hönnun og arkitektúr.

### Undirbúningur útgáfu tímarits um hönnun og arkitektúr

Áform hafa verið um að Hönnunarmiðstöð hefji undirbúning á útgáfu tímarits um hönnun og arkitektúr ásamt Arkitektafélaginu og fleiri hagsmunaaðilum. Ekki náðist að koma þessu verkefni af stað á árinu 2009 m.a. vegna efnahagsástandsins en ennþá er áhugi á að hrinda þessu verkefni í framkvæmd.

### Skapandi október

Skapandi greinar eru í samstarfi um verkefnið skapandi október eða Creative October í Reykjavík 2010. Verkefnið er á frumstigi en hugmyndir eru um að sameina verkefni ólíkra hópa undir þessu heiti.

# Yfirlitsmynd yfir verkefni 2009–2010

Verkefni	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sept	okt	nóv	des
<b>2009</b>												
Fyrirlestir Hönnunarmiðstöðvar í Listasafni												
Fyrirlestir Hagnýtt hádegi í Þjóðminjasafni												
Orkuverid / með Innvít&Klak												
Hönnun til Uflutnings												
Hönnunarsjóður Aurora												
Samkeppni												
Stockholm furniture fair												
Veisla á íslensku ensku og útgáfa fréttabréfa												
Expo 2010 í Shanghæ – samráð vegna þátttöku Íslands												
Japönsk heimildarmynd												
Sýningin Íslensk samtímahönnun á listahátíð og Akureyri												
Útgáfa bókarinnar Íslensk samtímahönnun á íslensku og ensku												
Stefnumótun fyrir Hönnunarmiðstöð á Koltöðum												
You are in Control												
Ráðgjöf v/hönnunarsýninga erlendis												
Expo 2010 í Shanghæ – Samnorræn hönnunarsýning												
Ideo og Paul Bennett												
20/20 sóknaráætlun fyrir Ísland												
Stofnun samtaka skapandi greina												
Íslandsstofa												
Hönnunarsýning Mars 2009&2010												
Samstarf við Kelli												
Sýningin Íslensk samtímahönnun / listahátíð og Akureyri												
Ferðalag sýningarinnar Íslensk samtímahönnun												
Sýningargluggi HM í Austurstræti												
<b>2010</b>												
Hönnunarsýning stjórnvalda												
Endurnýjun samnings um Hönnunarmiðstöð Íslands												
Hönnunarmiðstöð fær % af sölu hönnunar												
Fjármögnun Hönnunarfyrirtækja												
Markaðssetning íslenskrar hönnunar erlendis												
Nýsköpun í íslenskum framleiðslufyrirtækjum												
Fagleg umfjöllun um hönnun og arkitektúr												
Fræðsla í markaðsmálum verkefnastjórnun og framleiðslu												
Kynning á mikilvægi íslenskrar hönnunar												
Mælingar á umfangi hönnunargeirans												
Sýning á Listahátíð												
Arlegur tiskuvíburður í Reykjavík												
Bókamessan í Frankfurt												
Tímarit um hönnun og arkitektúr												
Skapandi október í Reykjavík												





## Fjármál

### Fjárhagslegt uppgjör ársins 2009 & fjárhagsáætlun ársins 2010

Á meðfylgjandi tölum sést glögg að rekstrarfé miðstöðvarinnar er afar takmarkað. Ekki verður auðvelt að afla fjár frá styrktaraðilum eða fyrirtækjum á þessu ári frekar en árið 2009 þannig að það þarf að tryggja aukið fjármagn með öðrum hætti. Unnið er að því að finna leiðir til að auka fjármagn sem Hönnunarmiðstöð hefur yfir að ráða. Til að starfsemin geti verið öflug og markviss er nauðsynlegt er að miðstöðin hafi eigið verkefnafé. Eins og staðan er í dag þarf að verja miklum tíma í að afla verkefnafjár innanlands sem er afar tímafrekt og óhagkvæmt í svo umfangslitlum rekstri. Óviðunandi er að Hönnunarmiðstöð keppi við skjólstaðinga sína um styrktarfé. Ekki er óvarlegt að ætla að 100 milljón króna rekstrarfé á ári hefði veruleg áhrif á starfsemina og aðstöðu hönnuða og arkitekta á Íslandi. Um 20 milljónir króna færu í rekstur miðstöðvarinnar eins og nú er en 80 milljónir í ýmis verkefni og styrki til hönnuða og arkitekta.

#### Hönnunarmiðstöð Íslands í tölum 2009

Félögin sem eiga Hönnunarmiðstöð Íslands	9	Þessi listi er gerður til gamans og hugsaður sem grunnur til að byggja á. Flestar tölur eru staðfestar aðrar áætlaðar*
Félagar í félögunum níu	1.200 *	
Lögheimili Hönnunarmiðstöðvar frá upphafi	3	
Starfandi hönnuðir á Íslandi	2.100 *	
Fastir starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar	2	
Tímabundnir verkefnastjórar	2 til 5	
Fyrirlestrar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi á ári	8	
meðalfjöldi á hverjum fyrirlestri	120	
Hagnýtt hádegi fyrirlestrar í Þjóðminjasafni Íslands á ári	8	
meðalfjöldi á hverjum fyrirlestri	60	
HönnunarMars   viðburðir, fyrirlestrar og sýningar	130	
HönnunarMars   gestir á fyrirlestri	1.000 *	
HönnunarMars   þátttaka hönnuða	500 *	
HönnunarMars   gestir	10.000 *	
HönnunarMars   erlendir blaðamenn og gestir	20	
Sýningar	1	
Bókaútgáfa	1	
Samkeppnir	4	
Orkuverið   stefnumót hönnunar og viðskipta	7	
þar af þátttakendur	90	
Vefpóstlisti	2.200	
þar af félagsmenn	900	
þar af almenningur	1.200	
þar af stjórnslá	90	
þar af fjölmiðlar	80	
Fjöldi sendra fréttabréfa 2009 og tilkynninga	65	
Fjöldi fréttu, viðburða, sýninga og annars kynnt á vef 2009	270	
Vefheimsóknir að meðaltali á mánuði	5.000	
Gestir á vef að meðaltali á mánuði	3.200	
aukning frá fyrra ári %	37	
Vinir á Facebook	700	
Heimsóknir erlendra blaðamanna	40	
Erlendur sjónvarpsþáttur um Hönnunarmiðstöð	1	
Rekstrarkostnaður Hönnunarmiðstöðvar	29.800.000	



## Áætlun 2010, raunkostnaður 2009 og raunkostnaður 2008

Tekjur	Áætlun 2010	Raun 2009	Raun 2008
Fjárframlag frá iðnaðarráðuneyti	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Fjárframlag frá mennta- og manningarmálaráðuneyti	8.500.000	10.000.000	10.000.000
Styrkur frá Reykjavíkurborg v/HönnunarMars	3.000.000	1.170.000	540.000
Áætlaðir styrktaraðilar HönnunarMars	2.000.000	0	0
Styrkur frá Útflutningsráði v/sýningarskrár Ísl.samt.	0	1.500.000	200.000
Styrkur v/ferðalags Íslensk samtímahönnun	2.500.000	1.750.000	500.000
Fyrirframgreitt v/Íslensk samtímahönnun	2.000.000	0	0
Styrkur frá Hönnunarsjóði v/Íslensk samtímahönnun	0	1.000.000	3.332.144
Aðrir styrkir	3.000.000	450.000	0
Aðrar tekjur	480.000	966.976	0
Lagt fyrir frá fyrra ári v/ HönnunarMars	0	3.000.000	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>31.480.000</b>	<b>29.836.976</b>	<b>24.572.144</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	17.000.000	15.425.647	12.092.956
Kaffi, veitingar og fundarkostnaður	210.000	206.509	60.000
Annar starfsmannakostnaður	50.000	0	38.886
Verðlaun og styrkir	0	5.865	615.000
Kostnaður v/Íslensk samtímahönnun + bók	300.000	4.348.330	1.440.547
8+8 verkefni	0	0	3.045.111
Aðkeypt þjónusta án vsk.	500.000	794.000	554.521
Húsaleiga + öryggisgæsla	288.000	640.836	959.296
Viðhald húsnæðis (flutningur í nýtt húsnæði)	120.000	915.205	0
Gjaldfærð áhöld og tæki	130.000	137.096	253.090
Tryggingar	28.000	27.192	24.507
Aðkeyptur akstur	60.000	53.600	39.060
Símakostnaður	224.000	189.965	151.769
Burðargjöld	120.000	44.130	109.788
Pappír, ritföng og bækur	220.000	222.499	113.116
Fréttabréf og útgáfa	160.000	161.601	0
Rekstur tölvukerfis og vefs	600.000	1.011.104	1.437.291
Endurskoðun og reikningsskil	220.000	202.312	345.456
Ferðakostnaður	300.000	225.016	77.130
Auglýsingar	120.000	6.616	269.422
Annar kostnaður	120.000	80.410	88.500
HönnunarMars (annað en laun)	3.700.000	4.174.006	0
Ferðalag Íslensk samtímahönnun	4.500.000	0	0
Önnur verkefni, ófyrirséð	2.500.000	0	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>31.470.000</b>	<b>28.871.939</b>	<b>21.715.446</b>
<b>Niðurstaða rekstrar</b>	<b>10.000</b>	<b>965.037</b>	<b>2.856.698</b>





## Áætlun 2009, raunkostnaður 2009 og frávik 2009

Tekjur	Raun 2009	Áætlun 2009	Frávik 2009
Fjárframlag frá iðnaðarráðuneyti	10.000.000	10.000.000	0
Fjárframlag frá mennta- og manningarmálaráðuneyti	10.000.000	10.000.000	0
Styrkur frá Reykjavíkurborg v/HönnunarMars	1.170.000	0	-1.170.000
Áætlaðir styrktaraðilar HönnunarMars	0	3.000.000	3.000.000
Styrkur frá Útflutningsráði v/sýningarskrár Ísl.samt.	1.500.000	0	-1.500.000
Styrkur frá ráðuneytum v/Íslensk samtímahönnun	1.750.000	0	-1.750.000
Fyrirframgreitt v/Íslensk samtímahönnun	0	0	0
Styrkur frá Hönnunarsjóði v/Íslensk samtímahönnun	1.000.000	0	-1.000.000
Aðrir styrkir	450.000	0	-450.000
Aðrar tekjur	966.976	0	-966.976
Lagt fyrir frá fyrra ári v/ HönnunarMars	3.000.000	2.856.698	-143.302
<b>Tekjur samtals</b>	<b>29.836.976</b>	<b>25.856.698</b>	<b>-3.980.278</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	15.425.647	15.941.698	516.051
Kaffi, veitingar og fundarkostnaður	206.509	100.000	-106.509
Annar starfsmannakostnaður	0	50.000	50.000
Verðlaun og styrkir	5.865	0	-5.865
Kostnaður v/Íslensk samtímahönnun + bók 8+8 verkefni	4.348.330	200.000	-4.148.330
Aðkeypt þjónusta án vsk.	794.000	500.000	-294.000
Húsaleiga + öryggisgæsla	640.836	600.000	-40.836
Viðhald húsnæðis (flutningur í nýtt húsnæði)	915.205	0	-915.205
Gjaldfærð áhöld og tæki	137.096	50.000	-87.096
Tryggingar	27.192	25.000	-2.192
Aðkeyptur akstur	53.600	60.000	6.400
Símakostnaður	189.965	200.000	10.035
Burðargjöld	44.130	150.000	105.870
Pappír, ritföng og bækur	222.499	130.000	-92.499
Fréttabréf og útgáfa	161.601	0	-161.601
Rekstur tölvukerfis og vefs	1.011.104	1.000.000	-11.104
Endurskoðun og reikningsskil	202.312	250.000	47.688
Ferðakostnaður	225.016	200.000	-25.016
Auglýsingar	6.616	250.000	243.384
Annar kostnaður	80.410	150.000	69.590
HönnunarMars (annað en laun)	4.174.006	6.000.000	1.825.994
Ferðalag Íslensk samtímahönnun	0	0	0
Önnur verkefni, ófyrirséð	0	0	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>28.871.939</b>	<b>25.856.698</b>	<b>-3.015.241</b>
<b>Niðurstaða rekstrar</b>	<b>965.037</b>	<b>0</b>	<b>-965.037</b>



## Fylgiskjal 1

# Skipurit Hönnunarmiðstöðvar Íslands

### Hlutverk stjórnar

Í stjórn Hönnunarmiðstöðvar sitja formenn félaganna níu sem eiga Hönnunarmiðstöð, eða einhver sem þeir tilnefna. Stjórnin hittist einu sinni í mánuði.

Stjórn ber að móta félaginu stefnu og hafa eftirlit með því að þeirri stefnu sé framfylgt. Stjórnin á einnig að stuðla að vexti og viðgangi félagsins og hafa yfirumsjón með rekstrinum. Stjórninni ber að gæta hagsmuna allra hluthafa. Stjórn leitast við að ná samstöðu um ákvarðanir án atkvæðagreiðslu. Komi til atkvæðagreiðslu verði þó ekki teknar ákvarðanir sem varða tiltekna starfsgrein gegn vilja fulltrúa hennar í stjórn.

*Stjórnin hefur eftirfarandi hlutverk:*

- Ræður framkvæmdastjóra
- Vinnur að og samþykkir stefnumótun félagsins.
- Samþykkir verkefna- og fjárhagsáætlanir félagsins.
- Hefur eftirlit með rekstri félagsins og veitir stjórnendum aðhald.

*Stjórn tekur ákvarðanir um:*

- Verulegar fjárfestingar eða viðamikil verkefni sem ekki eru innifaldar í samþykktri fjárhags- og verkefnaáætlun.
- Fjárfestingar- og rekstrarlán og aðra lánasamninga.
- Sölu og veðsetningu fastafjármuna.
- Samninga og meiriháttar viðskipti við þriðja aðila.

Stjórnin kús formann og varaformann á aðalfundi sem haldinn er eigi síðar en í maí ár hvert.

*Sjá nánar í samþykktum Hönnunarmiðstöðvar Íslands.*

### Formaður stjórnar

Undirbýr stjórnarfundum með framkvæmdastjóra. Formaður stýrir stjórnarfundum.


Formaður sér um að upplýsa stjórnarmenn um stærri mál sem koma upp á milli stjórnarfunda.

*Sjá nánar í samþykktum Hönnunarmiðstöðvar Íslands.*

### Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri vinnur undir stjórn eftir þeirri verkefnastefnu sem stjórnin leggur upp með. Framkvæmdastjóri fer með almennt umboð stjórnarinnar að öllu leyti og til allrar starfsemi félagsins. Stjórnin felur framkvæmdastjóra prókúru-umboð. Framkvæmdastjóri ber daglega ábyrgð á fjármálum og bókhaldi félagsins og allri annarri starfsemi. Framkvæmdastjóri situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri skal í samráði við stjórn annast samskipti og samninga félagsins við ríkisvaldið og aðra aðila og sjá um að skila árlegri skýrslu um starfsemina til ríkisvaldsins. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til félagsins og leysir þá frá störfum. Framkvæmdastjóri sér um að útbúa starfslýsingu fyrir ráðna starfsmenn. Framkvæmdastjóri ber allar stefnumarkandi ákvarðanir undir stjórnina svo og allar óvenjulegar ráðstafanir. Allar meiri háttar ákvarðanir, sem taka þarf á milli stjórnarfunda, skal framkvæmdastjóri bera undir formann stjórnar og varaformann. Formaður stjórnar skal gera öðrum stjórnarmönnum viðvart um slík mál án tafar. Framkvæmdastjóri skal gæta hagsmuna allra hluthafa og sjá til þes að faglega sé staðið að vali í val- og fagnefndir.

*Sjá nánar í starfslýsingu framkvæmdastjóra og samþykktir Hönnunarmiðstöðvar Íslands.*







**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 KYNINGARSTJÓRNARJALL Í ÍSLENSK HÖNNUN 2009  
 Eitíu af 16. Ingvarðadóttir sýningarsýningu verður með sýningarsýningu í gættu á hönnunarmarkaðum frá sunnudegi 12. júlí kl. 18. Á sýningunni er sýnt íslenskt hönnunarmarkaður þar sem er ummið með þessum hönnunarmarkaðum sem eru sýndir þar til þú að nota markaðurinn með sýningu þín á milli.

**SUMARSTYNG HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS**  
 Ólafur Jóhannesson hönnuðir þú sýndu þú sýnt í sýningu Hönnunarsafns Íslands að Lyngli í Garðabæ. Safninn Hönnunarsafns er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**101 TOKT Í BRETANUM, ÍSLENSKA HÖNNUN**  
 Þetta er sýningin frá 101 Tokt í Bretanum, Íslandi Hönnunarsafns Íslands. Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**YFIR TÖKT Í BRETANUM, ÍSLENSKA HÖNNUN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**YFIR TÖKT Í BRETANUM, ÍSLENSKA HÖNNUN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**STENUNK HÖNNUNARSTYNG HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**REYKJAVN EYER HLUTUR EGG OG DOT DESIGN HÖNNUNARVERUÐALUN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 KYNINGARSTJÓRNARJALL Í ÍSLENSK HÖNNUN 2009  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**ÍSLENSK HÖNNUN 2009 HÚSGÖGN, VÖRUHÖNNUN OG ARKITEKTÚR**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.

**DESIGN WEEK COPEN HAGEN**  
 Hönnunarsafninn er opn þessum til sýningu frá kl. 13-17 og er sýningu ókeypis.





Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre

november

- ÞINGI LÖGNA BUDGAÐIÐ Í TILAVAKNINGU**  
Fyrirspurn á vaxandi höfnu. Þegar þinglaust er arkitekt, vinnur óþunni laugardaginn 7. nóvember kl. 10:00 á Kópavogshöfn. Á morgun er fjólfjórðingur í lausum verkum. Þinglaust er veitt þessi samþykking og er byggisgjafar á landi.
- ÞINGI BLUM**  
Laufrík 20. nóvember. Þinglaust er veitt þessi samþykking og er byggisgjafar á landi.
- ÞINGI LÖGNA BUDGAÐIÐ Í TILAVAKNINGU**  
Óþunni 20. nóvember. Þinglaust er veitt þessi samþykking og er byggisgjafar á landi.
- Áferðir 1**  
Þinglaust er veitt þessi samþykking og er byggisgjafar á landi.
- ÞINGI LÖGNA BUDGAÐIÐ Í TILAVAKNINGU**  
Óþunni 20. nóvember. Þinglaust er veitt þessi samþykking og er byggisgjafar á landi.

Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre

november

- ALDINGMENNINGU Í SUNNLAUSUR HALLDÓRSON ARKITEKT**  
Þinglaust er veitt þessi samþykking og er byggisgjafar á landi.
- 10 MLLJÖRNUR ÚTFLUTAD TIL BLENDARA HÖNNUDA**  
Hönnunarmiðstöðin hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- FARMERS MARKET VERJALAGNAE**  
Farmers Market hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- MÁLINGU Í LÖGNAE - LÍFSBÆÐI**  
Málningu í lögnae - lífsbæði hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- HOT ICE GALLERY**  
Hot Ice Gallery hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- ÖSKAÁFRIFURIN UPPSPRETTA HEYR STARFSEM**  
Öskaáfrifurin Uppspretta hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.

Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre

desember

- STYRNINGU LÖGNAE OG BUDGAÐIÐ**  
Styrningu lögnae og budgaði hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- ÖSKAÁFRIFURIN UPPSPRETTA HEYR STARFSEM**  
Öskaáfrifurin Uppspretta hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- JÓLALÖGNAE HANDEYRI OG HÖNNUNAR 2009**  
Jólalögnae handeyri og hönnun 2009 hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- MÓTUNU LÖGNAE OG BUDGAÐIÐ**  
Mótun lögnae og budgaði hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- ADVENTUSTEMMINGU LÖGNAE OG BUDGAÐIÐ**  
Adventustemming lögnae og budgaði hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- POP UP VERJUN AGLÝSIR EFTIR HÖNNUNU**  
Pop up verjun aglýsir eftir hönnun hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.

Hönnunarmiðstöð  
Iceland Design Centre

desember

- HÖNNUNARJÓÐUR AUURU**  
Hönnunarmiðstöðin hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- POP UP VERJUNU Í JÓLAMARKAÐU**  
Pop up verjun í jólamarkaðu hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- JÓLAMARKAÐUR OG BUDGAÐIÐ**  
Jólamarkaður og budgaði hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- ÞÖGULADIGKART AUURU Í 10 ÁRA AEMELI**  
Þöguladigkart Auuru í 10 ára aemeli hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- MÁLINGU Í BYR LANDSPÍTALI**  
Málningu í byr landspítali hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.
- KETKROKURU Í JÓLALÖGNAE STYRKARFÉLAGS LANARNA OG FATLAORA**  
Ketkrokur í jólalögnae styrkarfélags lanarna og fatlaora hefur afhafið þessa 10 hönnuðum til útlutunar.

32



## Fylgiskjal 3

### Hönnunarmiðstöð Íslands stefna | framtíðarsýn

Stefnumótunarvinna á Kolstöðum 18.–19. september 2009

1. Hönnunarstefna stjórnvalda  
verkefni í mótun
2. Hönnunarmiðstöð fær hlutfall af sölu hönnunarvöru og vinnu hönnuða og arkitekta  
verkefni í mótun
3. HönnunarMars | alþjóðlegur viðburður  
verkefni langt komið
4. Samstarf fyrirtækja og hönnuða um vörur til útflutnings  
verkefni í vinnslu
5. Fjármögnun hönnunarfyrirtækja  
verkefni í vinnslu
6. Markviss fræðsla í markaðsmálum, verkefnastjórnun og framleiðslu  
verkefni í vinnslu
7. Markaðssetning á íslenskri hönnun erlendis | sýningarþátttaka PR. blaðaumfjöllun ofl.  
verkefni í vinnslu
8. Efla útflutning íslenskrar hönnunar  
verkefni í mótun
9. Markviss, fagleg umfjöllun og greinaskrif um hönnun  
verkefni í vinnslu
10. Mastersnám í hönnun frá 2011  
verkefni í vinnslu
- (11. Hönnun framtíðina | ráðstefna, kynningarfundir, sjónvarpsþáttur)  
verkefni í vinnslu
- (11. Mælingar á umfangi hönnunargeirans | velta, vöxtur, hér og erlendis)  
verkefni í mótun



## Fylgiskjal 4

# Útflutningur íslenskrar hönnunar

*Þriggja ára átaksverkefni Hönnunarmiðstöðvar Íslands*


Íslensk hönnun hefur vakið athygli erlendis fyrir hugmyndaauðgi og frumleika og starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar hafa orðið varir við mikinn áhuga á samstarfi úr ýmsum áttum, varðandi kynningar, sýningar, sölu, dreifingu og framleiðslu á íslenskrari hönnun. Það er mjög brýnt að grípa þessi tækifæri núna til að stuðla að frekari útflutningi á íslenskrari hönnun og framleiðsluvörum.

*Á bls. 10 í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur:*

9. Ráðist verði í markaðssókn erlendis á sviði lista, menningar, hönnunar og hugvitsgreina. Stutt verði við bakið á nýsköpunarverkefnum.

### Verkefnið

Í ljósi þess hversu miklir möguleikar liggja í útflutningi íslenskrar hönnunar hefur Hönnunarmiðstöð hug á að setja af stað 3 ára verkefni sem stuðlar að auknum útflutningi í greininni. Með öflugri markaðssetningu, markvissum aðgangi að fjármagni, fræðslu og þekkingarmiðlun er hægt að ná góðum árangri og auka gjaldeyristekjur í greininni verulega.



### Markmið

Að auka útflutningstekjur íslenskrar hönnunar um 20% í hverjum áfanga verkefnisins.

### Tímarammi

Verkefnið hefst 1.október 2009 og lýkur fyrsta áfanga þess 1.október 2010, öðrum áfanga 1.október 2011 og þriðja 1.október 2012.

### Fjármögnun verkefnis

Leitað er til lðnaðarráðuneytisins, Samtaka lðnaðarins, Útflutningsráðs og Utanríkisráðuneytisins eftir fjármögnun á fyrsta áfanga. Leitast er eftir því að fjármögnun sé lokið 10.september 2009. Kostnaður við fyrsta áfanga verkefnisins er kr. 12.000.000.- en í þeim kostnaði felast laun, ferðakostnaður, sími og annar kostnaður. Óskað er eftir að ofantaldir aðilar skipti fjármögnuninni með sér.



### Aðhald, upplýsingagjöf og eftirfylgni

Þeir aðilar sem koma að fjármögnun verkefnisins verða boðaðir á stöðufundi á þriggja mánaða fresti til þess að fylgjast með gangi verkefnisins. Framkvæmdarstjóri verkefnisins mun starfa á Hönnunarmiðstöð. Sett verða skýr markmið varðandi útflutning íslenskrar hönnunar og öflun gjaldeyristekna. Á hverju ári verður gerð frávíkagreining og áætlanir metnar og endurskipulagðar. Skýr mælanleg markmið verða sett frá upphafi og þeim fylgt í einu og öllu.

### Hæfni og menntun framkvæmdastjóra verkefnisins

Háskólagráða í viðskiptafræðum eða sambærilegu námi | Reynsla af útflutningi | Mjög góð enskukunnátta og helst fleiri tungumál | Framúrskarandi samskiptahæfileikar | Góð þekking á hönnun og hönnunargeiranum.

### Framkvæmd verkefnis

Í verkefninu verður lögð áhersla á að efla þrjá þætti í greininni. Það er markaðssetning, fjármögnun og fræðsla og þekkingarmiðlun. Í upphafi verða sett skýr markmið um árangur, stærð markaðar metin og áætlanir um vöxt. Hér má sjá helstu markmið hvers árs og væntan árangur.

Áherslur	Verkefni
Markaðssetning	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Hönnunarsýningin „Icelandic contemporary design“ erlendis Norðurlönd   Evrópa   Bandaríkin   Asía.</li><li>■ Mynda öflugt tengslanet við erlenda dreifingaraðila, umboðsmenn, framleiðendur og smásala.</li><li>■ Mynda öflugt tengslanet við erlendar arkitektastofur og verktaka.</li><li>■ Kynna íslenska hönnun markvisst í erlendum fjölmiðlum í samstarfi við þarlendrar Hönnunarmiðstöðvar. Búa til eftirspurn eftir íslenskri hönnun og arkitektúr.</li><li>■ Efla tengsl hönnuða og íslenskra framleiðenda til þess að skapa meiri virðisauka á Íslandi fyrir útflutningsvörur.</li><li>■ Auka kynningu- og sölu á netinu með markvissum aðgerðum og einnig notkun samfélagsmiðla til kynningar.</li></ul>
Fjármögnun	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Kortleggja aðgang að fjármagni og mynda tengslanet við VC og Angel sjóði.</li><li>■ Kynna hönnun sem áhugaverðan fjárfestingakost fyrir fjárfestum.</li><li>■ Hönnuðir taka þátt í fjárfestingaráðsefnum eins og Seed Forum, Wavelength 100 ofl.</li><li>■ Veita ráðleggingar til einstakra hönnunar- og arkitektúrfyrirtækja varðandi fjármögnun.</li></ul>
Fræðsla og þekkingarmiðlun	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Kortlagning hönnunarfyrirtækja og möguleikum þeirra til útflutnings. Skýr markmið sett til þriggja ára varðandi árangur.</li><li>■ Markvissir kynningarfundir og fræðsla fyrir hönnuði er tengjast markaðssetningu, sölu og fjármögnun.</li><li>■ Ráðgjöf til einstakra hönnunarfyrirtækja og aðstoð við að koma á erlendum tengslum.</li></ul>







## Fylgiskjal 6

### Drög að dagskrá HönnunarMars 2010

Verið er að vinna dagskrá HönnunarMars. Dagskráin byggir fyrst og fremst á viðburðum sem félögin níu skipuleggja og stjórna í samstarfi við Hönnunarmiðstöð. Ýmsar aðrar hugmyndir og viðburðir eru á teikniborðinu, svo sem lifandi bókasafn í samstarfi við Listaháskóla Íslands og erlendir fyrirlesarar í boði Hönnunarmiðstöðvar. Margir hönnuðir og fyrirtæki eru að skipuleggja sína viðburði og ljóst að margir líta á HönnunarMars sem uppskeruhátíð.

#### Miðstöð arkitekta

Staður í miðbænum sem er miðpunktur fyrir félagið meðan á HönnunarMars stendur. Þar verður rekinn bar / kaffihús þar sem gestir geta sest niður og fræðst um arkitektafagið. Miðstöðin verður lifandi með fjölda viðburða sem draga fólk að; örfyrirlestrar, kaffisjall með arkitektum, sýningar, fræðsluerindi, kvikmynda-sýningar, tónleikar og fleira.

#### Innsetningar

Á HönnunarMars fá gestir að kynnast nýjum borðbúnaði félaga [Leirlistafélagsins](#) á hinum ýmsu kaffi- og veitingahúsum borgarinnar. Einstakt tækifæri til að prófa nýja hönnun. Sýning á líkönum [arkitekta](#) af byggðum og óbyggðum húsum. Nýjum og gömlum líkönum verður komið fyrir í verslunum við Laugavegin. Líkönin vekja athygli gesta þegar þau verða á vegi þeirra þar sem síst er von á. [Vöru- og iðnhönnuðir](#) endurtaka leikinn og gæða Laugavegin lífi með hönnun sinni – bæði í tómun rýmum sem og í verslunum.

#### Skoðunarferðir

Farið verður í siglingu frá Reykjavíkurbær og siglt meðfram ströndinni. Höfuðborgin og nágrennið skoðað frá öðru sjónarhorni en því sem við eigum að venjast. Þá geta gestir HönnunarMars nálgast bækling sem inniheldur kort sem mun leiðbeina um gönguleiðir á milli viðburða og í leiðinni fræða gesti um [arkitektafélagið](#) og sýna þeim ýmis gullkorn á leiðinni á næsta áfangastað. Rútuferð um Reykjavík þar sem áhugaverður [innan hússarkitektúr](#) er skoðaður og kynntur af hönnuðum.

#### Opnar teiknistofur og byggingar

[Arkitektastofur](#) taka á móti gestum og kynna verk sín, eldri og ný. Leiðsögn á milli opinna stofa yrði frá Miðstöðinni en leiðsögnin yrði skipulögð út frá kortinu sem verður í bæklingnum. Nýjar byggingar (opinberar og í einkaeigu) verða opnar almenningi. Arkitektar verða til staðar til að kynna byggingarnar og svara spurningum gesta.

#### Sýningar

[Arkitektar](#) sýna eigin verk á afmörkuðu rými sem nemur um 1m<sup>3</sup>. Þátttakandi fær frjálssar hendur innan þess rúmmáls sem þátttakandi fær úthlutað. Félagar í [Leirlistafélaginu](#) sýna verk sín í Fógetastofunni, Aðalstræti, en þar getur að líta nýja, áhugaverða hangandi hluti gerða úr leir og postulíni.

[Félag íslenskra gullsmiða](#) setur upp sýningu á nælum þar sem fjölbreytt efnisnotkun, tíska og hefðir koma saman. Nælan er eitt elsta birtingarfom skartgripsins og hefur ekki eingöngu gegnt fagurfræðilegu hlutverki í gegnum tíðina heldur einnig haft mikið notagildi. [FÍT Sýning 2010 / Grafísk hönnun](#) á Íslandi. Sýning á viðurkenndum og verðlaunuðum verkum frá árlegri uppskeruhátíð Félags íslenskra teiknara. Brot af því besta sem er að gerast í grafískri hönnun í dag. [Fatahönnunarfélag Íslands](#) sýnir brot af því besta á samsýningu félagsmanna sinna og [Reykjavík Fashion Festival](#) verður haldið á HönnunarMars.



## Fylgiskjal 7

### Ferðalag sýningarinnar

*Íslensk samtímahönnun – húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr*

Markmið ferðalags sýningarinnar um Norðurlönd er að koma íslenskri hönnun og arkitektúr á framfæri erlendis og að íslensk hönnun verði sjálfkrafa talin sem hluti af norrænni hönnun. Í skýrslu Norden – Nordic Innovation Center, frá Nóvember 2007 sem ber heitið “A Creative Economy Green Paper for the Nordic Region” koma fram áherslubreytingar í norrænu samstarfi hvað varðar skapandi greinar og hönnun, þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að auka norrænt samstarf í hönnun og skapandi greinum. Áhersla er lögð á að koma á tengslum og samstarfi milli Hönnunarmiðstöðvar Íslands og hönnunarmiðstöðva og aðila í hönnunargeiranum á Norðurlöndum auk þess að koma íslenskum hönnuðum á framfæri.

1. Danmarks Design Center 26. febrúar - 14. apríl 2010
2. Peking júlí - ágúst 2010 | [óstaðfest](#)
3. Expo, Shanghai september - október 2010
4. Osló nóvember- desember 2010 | [óstaðfest](#)
5. Stokkhólmur febrúar - mars 2011 | [óstaðfest](#)
6. Helsinki apríl - maí 2011 | [óstaðfest](#)

**Danmörk** | Sýningin verður opnuð í DDC 26. febrúar og verður þar fram yfir páska. Unnið er að því að koma á samstarfi við danska hönnunarsamfélagið, og koma á tengslum milli íslenskra hönnuða við dönsk hönnunar-fyrirtæki, framleiðendur og kaupendur.

**Kína** | Kynning á íslenskri hönnun á EXPO í Shangahi og mögulega í Peking. Sýningin verður sett upp í Northern Lighthouse sem er samstarfsverkefni norðurlandanna á EXPO. Verkefnið er unnið í nánú samstafi við hópinn sem stýri íslenska skálanum á EXPO og Utanríkisráðueytið.

**Osló** | Unnið er að því að koma á samstarfi við Norsk Form um að finna stað og tíma fyrir sýninguna í Osló.

**Svíþjóð** | Unnið er að því að koma á samstarfi við Svensk Form. Á Stockholm furniture fair 2010 fer nokkuð stór hópur í slenskra hönnuða til að taka þátt í ýmsum verkefnum. Hönnunarmiðstöð mun taka þátt í Pecha Kucha um norræna hönnun í samstafi við Svensk Form, móttaka verður í íslenska sendiráðin, fyrir hönnuði á áhrifafólk úr hönnunargeiranum í Stokkhómi. Unnið verður að því að leggja drög að því að sýningin verði á Stockholm's Furniture Fair í febrúar 2011.

**Finnland** | Unnið er að því að koma á samstarfi við Design Forum Finnland um að finna stað og tíma fyrir sýninguna í Helsinki.

Heildarkostnaður vegna ferðalags sýningarinnar um Norðurlönd er áætlað um 14. milljónir Iskr. Styrkir frá ráðuneytum og Útflutningsráði eru nú 4.500.000. Búið er að sækja um styrki til Danmerkur og Svíþjóðar og verið er að vinna umsóknir um styrki í Norræna Menningarsjóðinn, Norrænu Menningargáttina, NISE og styrki úr tvíhliða samstarfssjóðum til þess að geta klárað verkefnið og búið til ný norræn verkefni í tengslum við sýninguna. Ef fé fæst er markmiðið að skipuleggja frekari verkefni í tengslum við sýninguna svo sem, ráðstefnur um íslenska hönnun, verkefni milli íslenskra og hönnuða á norðurlöndum ofl.

Verkefnið er unnið í nánú samstarfi og með stuðningi frá Utanríkisráðuneyti og sendiráðum Íslands á hverjum stað.